

ÁRSSKÝRSLA 2025

Annual report 2025

Ljósmyndari: Eygló Gísla

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|-----------|
| ÁVARP REKTORS | 5 |
| LISTAHÁSKÓLINN Í TÖLUM | 6 |
| AKADEMÍSKT STARF | 9 |
| MIÐSTÖÐ RANNSÓKNA | 9 |
| MIÐSTÖÐ NÁMS OG KENNSLU | 10 |
| ARKITEKTÚRDEILD..... | 11 |
| HÖNNUNARDEILD | 12 |
| LISTKENNSLUDEILD..... | 20 |
| SVIÐSLISTADEILD..... | 31 |
| TÓNLISTARDEILD | 35 |
| REKSTUR OG FJÁRMÁL..... | 39 |
| FJÁRMÁL..... | 39 |
| HÚSNÆÐI OG AÐSTAÐA | 40 |
| UPPLÝSINGATÆKNI..... | 42 |
| SVIÐ HÁSKÓLAPJÓNUSTU..... | 45 |
| GÆÐAMÁL | 45 |
| MANNAUÐUR | 46 |
| NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF | 47 |
| NÁMSPJÓNUSTA | 47 |
| ALPJÓÐASKRIFSTOFA..... | 48 |
| BÓKASAFN | 49 |
| VERKSTÆÐI | 50 |
| VELFERÐARTEYMI | 50 |
| SVIÐ SAMFÉLAGS OG SJÁLFBÆRNI | 53 |
| INNLEIÐING STEFNU | 53 |
| SAMFÉLAG..... | 54 |
| OPNI LISTAHÁSKÓLINN | 54 |
| SKRIFSTOFA KYNNINGA OG VIÐBURÐA | 55 |
| STJÓRNIR, RÁÐ OG NEFNDIR..... | 57 |
| SKIPAN VIÐ ÁRSLOK 2025..... | 57 |
| STJÓRN LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS | 57 |



ÁVARP REKTORS

Listaháskóli Íslands stendur nú á tímamótum. Við erum hálfnuð með stefnutímabilið 2024–2028 og sú staða gefur tilefni til að staldra við, horfa á það sem hefur áunnist og hvert við stefnum. Árangur síðasta árs sýnir skýrt að við erum á réttri leið: stefnumarkaðar aðgerðir hafa skilað sér í sterkari kjarnastarfsemi, meiri skýrleika í skipulagi og auknum áhrifum, innanlands sem á alþjóðavettvangi.

Áhersla á gæði í námi og kennslu hefur verið okkar leiðarljós í allri þróun. Ný kennslu- og námsstefna hefur skapað sameiginlegan faglegan grunn sem byggir á inngildingum, virkri þátttöku nemenda og skýrum viðmiðum um gæði og samhengi náms. Námsframboð hefur verið þróað með auknum sveigjanleika og skýrari uppbyggingu. Nýjar námsleiðir í Tónlistardeild taka flugið næsta haust, ný námsleið í Hönnunardeild, INDA – gagnvirk list og hönnun, lífur dagsins ljós, ásamt endurskoðuðu meistaranámi í sviðslistum. Þessar nýju námsleiðir stuðla að þróun og nýsköpun og styrkja enn frekar samfélagslegt hlutverk skólans.

Rannsóknarstarf Listaháskólans hefur einnig tekið afgerandi skref fram á við. Skýr stefna, aukinn tími, sveigjanleiki og markviss stuðningur hafa styrkt rannsóknamenningu skólans. Samhliða því höfum við hafið undirbúning fyrir umsókn um að hefja doktorsnám í listum sem markar mikilvægt skref á fræðasviði lista.

Gæðastarf, ábyrgð og metnaður eru rauður þráður í allri okkar starfsemi. Fjárfesting í innviðum hefur aukist verulega og skilað sér í bættri aðstöðu til nemenda og starfsfólks. Um leið vinnum við ötullega að stærsta hagsmunamáli skólans: að koma Listaháskóla Íslands undir eitt þak. Sú framtíðarsýn er lykilforsenda þess að námsumhverfi og þverfaglegt samstarf blómstri og unnið er af festu að lausnum í nánú samtali við stjórnvöld.

Nemendur og starfsfólk eru hjarta Listaháskólans. Aukinn stuðningur, betri aðstaða og öflugra náms- og starfsumhverfi hafa skilað sér í aukinni ánægju innan skólans. Alþjóðlegt samstarf hefur jafnframt eflst verulega og staða LHÍ sem virks þátttakanda í alþjóðlegu mennta- og rannsóknasamstarfi hefur styrkst.

Árangur ársins sýnir að Listaháskóli Íslands er í stöðugri og markvissri þróun. Við höfum byggt traustar undirstöður og mótað okkur skýra stefnu og markmið.

Ég er ótrúlega stolt af því sem við höfum áorkað og horfi björtum augum til framtíðar. Við erum háskóli sem mótar framtíð lista, menntunar og samfélags. Höldum áfram að vera framsækin, skapandi og hugrökk því saman getum við gert ótrúlega hluti!

Kristín Eysteinsdóttir

Rektor Listaháskóla Íslands

LISTAHÁSKÓLINN Í TÖLUM

721

VIRKIR NEMENDUR
HAUSTIÐ 2025

63%

NEMENDA VORU
KONUR, 37% KARLAR
OG 0,8% KVÁR

1.043

UMSÓKNIR BÁRUST UM
SKÓLAVIST ÁRIÐ 2025

25,7%

UMSÆKJENDA VORU
TEKNIR INN Í NÁMIÐ

269

NÝNEMAR HÓFU NÁM
HAUSTIÐ 2025

29ár

VAR MEÐAL-
ALDUR NEMENDA
HAUSTIÐ 2025

400

VIÐBURÐIR HALDNIR
ÁRIÐ 2025

70.813

EINTÖK ERU Í SAFNKOSTI
BÓKASAFNS, ÞAR AF
50.000 TIL ÚTLÁNS

156

FASTRÁÐNIR STARFSMENN
STÖRFUÐU Á ÁRINU 2025

125

STÖÐUGILDI
FASTRÁÐINNA

692

STUNDAKENNARAR OG
VERKTAKAR ÁRIÐ 2025

38,8

STÖÐUGILDI
STUNDAKENNARA
OG VERKTAKA

15.013

FERMETRAR

5

BYGGINGAR

12

VERKSTÆÐI

3

TÖLVUVER

90%

NEMENDA ERU ÁNÆGÐ
MEÐ SKÓLANN SINN
ÞEGAR Á HEILDINA ER LITIÐ


85%

NEMENDA ÚTSKRIFAST
Á RÉTTUM TÍMA

90%

ÚTSKRIFAÐRA NEMENDA
SEGJA NÁMIÐ NÝTAST
Í VERKEFNUM OG
STÖRFUM

Hlutfallsleg dreifing nemenda á milli deilda, haustið 2025



Alls voru 721 nemandi við nám í Listaháskólanum í október 2025, þar af voru 450 konur, 265 karlar og 6 kvár.

Nemendur í meistaranámi voru 222 og nemendur í bakkalárnámi voru 499.

Árið 2025 bárust 1043 umsóknir. Um haustið hófu 269 nýnemar nám og inntökuhlutfallið var 25,79% í heild fyrir skólann. Árið 2025 brautskráðust alls 200 nemendur.



AKADEMÍSKT STARF

MIÐSTÖÐ RANNSÓKNA

Á árinu var unnið af miklum krafti að því að efla rannsóknir í samræmi við nýja stefnu LHÍ og var ný rannsóknarstefna samþykkt, sem og aðgerðir henni tengdar. Útgáfusjóður LHÍ veitti samtals tvær milljónir til verkefna þriggja akademískra starfsmanna og rannsóknarsjóður LHÍ úthlutaði alls þremur milljónum til átta verkefna. Þá var jafnframt farið af stað með átak í greinarskrifum og tóku tíu starfsmenn þátt í því, hlutu styrk til ráðstefnuferðar og tóku þátt í ritsmiðju.

Undir lok árs var þremur rannsóknarleyfum úthlutað. Þau hlutu:

- Sahar Ghaderi, dósent í Arkitektúrdeild
- Sirra Sigrún Sigurðardóttir, dósent í Myndlistardeild
- Ása Helga Hjörleifsdóttir, dósent í Kvikmyndalistadeild

Miðstöð rannsókna stóð fyrir reglulegum rannsóknarsmiðjum yfir árið til að styðja við rannsakendur í ýmsum verkefnum. Auk þess var boðið upp á einstaklingsviðtöl vegna komandi verkefna og rannsóknarfundir voru haldnir í deildum. Miðstöðin sá einnig um skipulagningu námskeiðsins Rannsóknir og miðlun fyrir nýja rannsakendur og sátu átta akademískir starfsmenn námskeiðið á vorönn 2025. Þá var ákveðið að fjölga rannsóknarfundum þvert á skólann og voru haldnir fernir ON Research viðburðir sem eru opnir starfsmönnum og meistaranemum. Research Catalogue og IRIS voru innleidd að fullu og ákveðið var að rannsakendur myndu skrá afturvirkir í IRIS þannig að nú má þar finna rannsóknarafrakstur starfsmanna skólans síðustu fimm ára. Þróun á innra mati rannsókna hélt áfram og fyrstu skref í því voru framkvæmd í lok árs.

Vinna stóð yfir við þróun doktorsnáms í listum og umsóknar til ráðuneytisins þar að lútandi. Þróunarverkefni og samstarf HÍ, LHÍ og Listasafns Íslands um doktorsnám í listum og listfræðum hefur stutt við það ferli.

Hin árlega ráðstefna Hugarflug var haldin 11. og 12. september undir yfirskriftinni Óstöðug kerfi / Unstable Systems. Lykilfyrirlesarar voru Andri Snær Magnason, rithöfundur, og Ellen Røed, rektor Listaháskólans í Stokkhólmi. Ákveðið var að auglýsa ráðstefnuna í fréttabréfi Society for Artistic Research og bárust fjölfalt fleiri umsóknir en árið áður. Mikill fjöldi erlendra kollega okkar tók þátt og kom víða að.

LHÍ tók einnig virkan þátt í samstarfi innan rannsóknna- og fræðasamfélagsins á árinu, meðal annars með MSHL (Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista), sem hlaut styrk úr Samstarfssjóði háskólanna, Rannsóknarsetri skapandi greina, GAGNÍS+, Djúptæknikjarna HÍ og REAC, ráðgjafanefnd um rannsóknir á vegum Gæðamats háskóla og evrópska COST-verkefninu *Artistic Intelligence vs. Artificial Intelligence*.

MIÐSTÖÐ NÁMS OG KENNSLU

Á árinu 2025 var Miðstöð náms og kennslu fest í sessi sem lykileining í innra gæðastarfi Listaháskóla Íslands og í innleiðingu stefnu skólans varðandi nám og kennslu 2024–2028. Miðstöðin starfar þvert á skólann og hefur það meginhlutverk að efla gæði náms og kennslu, styðja við kennara og deildir og tryggja skýrt skipulag, ábyrgð og samráð í þróun náms.

Undir stjórn aðstoðarrektors náms og kennslu starfar teymi kennsluþróunarstjóra, akademískra verkefnastjóra og verkefnastjóra náms- og kennslu. Með innleiðingu þessarar teymisvinnu hefur stuðningur við kennslustarfsemi deilda verið eflur, einkum hvað varðar móttöku kennara, námsþróun, kennsluskrá og gæðamál, sem m.a. gerir fagstjórum kleift að einbeita sér frekar að faglegu innihaldi náms.

Á árinu var unnið markvisst að uppbyggingu innra gæðakerfis náms. Starf Námsþróunarnefndar og Kennslunefndar Fagráðs var styrkt sem vettvangur fyrir samtal, samræmingu og þróun náms og kennslu. Þar var meðal annars unnið að nýrri stefnu fyrir nám og kennslu, innleiðingu matskvarða, miðannarmati, skýrari hæfniviðmiðum og bættri kennsluskrá, í samræmi við ný innlend og evrópsk gæðaviðmið, þar á meðal CALOHEXrammann fyrir listnám á háskólastigi.

Fræðsla kennara var á sínum stað í vinnustofum og kennarakaffi með áherslu á inngildingu, námsmat og nemendamiðað nám og kennslufræðinámskeið var í boði fyrir kennara skólans. Miðstöð náms og kennslu leiddi einnig þróunarvinnu á meistarastigi í samstarfi við MA Forum, þar sem áhersla var lögð á að efla sameiginlegan akademískan grunn meistaránáms, auka samræmingu námsuppbyggingar og styrkja rannsóknarmenningu nemenda. Samhliða var unnið að auknum sveigjanleika í námsuppbyggingu á BASTigi, með skýrari námsleiðakjarna og auknu vali, í takt við stefnu LHÍ og eins og sjá má í nýju skipulagi náms í Tónlistardeild.

Þá var lögð sérstök áhersla á inngildingu og aðgengi, meðal annars með þróun örnáms, samstarfsverkefnum við aðra háskóla og endurskoðun almennra inntökuskilyrða og aðgangsviðmiða. Jafnframt var stutt við þróun nýrra námsleiða í deildum skólans.

Starf Miðstöðvar náms og kennslu á árinu 2025 einkenndist af uppbyggingu, samráði og markvissri þróun, þar sem megináherslan var á að skapa skýrt skipulag og sterkan faglegan grunn fyrir áframhaldandi eflingu náms og kennslu við LHÍ.

ARKITEKTÚRDEILD

Fimm ára nám í arkitektúr við Listaháskóla Íslands er helgað rannsóknum á merkingu, umfangi og hlutverki arkitektúrs í samfélaginu. Það gerum við með því að veita nemendum þá þekkingu, færni og hugarfar sem nauðsynleg er til að verða gagnrýnir og umhyggjusamir fagmenn sem geta tengst hver öðrum í fjölbreyttu nútímasamfélagi. Við notum Ísland og einstakt samhengi þess sem vettvang til rannsókna á arkitektúr, án þess að gleyma því að hver staður er hluti af heiminum. Saman stefna nemendur og kennarar að því að byggja upp sterkt samfélag þar sem þeir kanna þá undursamlegu möguleika sem arkitektúr getur skapað.

Þetta samfélag samanstendur af 88 nemendum, þar af eru 68 í B.Arch-námi og 20 í M.Arch-námi, sex fastráðnum kennurum og 74 sérfræðingum á mismunandi fræðasviðum sem öll hafa lagt mikið af mörkum til námsumhverfis deildarinnar. Af þeim eru 33 konur og 41 karlmaður.

Árið 2025 útskrifuðust 15 nemendur með B.Arch-gráðu og 13 nemendur með M.Arch-gráðu. Frá fyrstu B.Arch-útskrift árið 2005 hafa alls 271 nemandi lokið námi. Alls hafa 26 nemendur lokið M.Arch-gráðu frá 2003.

Arkitektúrdeild hefur verið virk í samfélaginu og skipulagði eftirfarandi meginviðburði árið 2025:

Fyrirlestrar

Samtals voru 9 opnir fyrirlestrar haldnir af sérfræðingum sem eru framarlega á sínu sviði.

- *On Architecture*, Anna Sigríður Jóhannsdóttir og Dagur Eggertsson
- *The Mechanization of Life: Histories, Architecture, and Paradoxes of Intensive Animal Farming*, Sofia Nannini
- *The Art of Architecture – Sensing, Meditating and Communicating Immaterial Space and Material Form*, Gauja Dögg Hauksdóttir
- *On Architecture and Erasure: The Arctic Case*, Elisa Dainese
- *Building with Stories*, Jite Brume
- *Representing Atmospheres: From the Everyday to the Climatic in Architecture and the Arts*, Francesco Bergamo
- *Háborg Mennta á Rauðarárholti*, Pétur Ármannsson
- *Starfsnám í Basel*, Þorlákur Jón Ingólfsson
- *Total Design*, Lyndon Neri and Rossana Hu

Sýningar

Samtals voru 9 sýningar skipulagðar innan og utan veggja Listaháskóla Íslands.

Sandkastalar

Jan Dobrowsky, Anna Karlsdóttir og nemendur á öðru ári í Arkitektúr, í Stakkahlíð

Hamfarir / Framfarir

Nemendur á öðru ári í Arkitektúr, Grafískri hönnun og Vöruhönnun, á bókasafninu í Stakkahlíð

102 Reykjavík 2050

Aðalheiður Atladóttir, Olga Guðrún B Sigfúsdóttir og nemendur á þriðja ári í Arkitektúr, í Háskólanum í Reykjavík

Hönnun, Ferli og Framkvæmd

Davíð Snær Sveinsson, Pétur Andreas Maack og nemendur á fyrsta ári í Arkitektúr, í Slökkvistöðinni í Gufunesi

Víxlverkun

Anna Sigríður Jóhannsdóttir, Dagur Eggertsson og nemendur á fjórða ári í Arkitektúr, í Ráðhúsi Reykjavíkur

Einar Sveinsson: Reykvísk Íbúðarhús

Garðar Snæbjörnsson, Andri Gunnar Lyngberg Andræsson og nemendur á fjórða ári í Arkitektúr, í Gallery Epal á Laugavegi

Þorlákshöfn - Byggð á Tímamótum

Jan Dobrowsky, Anna Karlsdóttir og nemendur á þriðja ári í Arkitektúr, í Versölum, Ráðhúsi Þorlákshafnar

Draumarýmið

Sindri Sigurðsson, Nana Finnsdóttir og nemendur á fyrsta ári í Arkitektúr, í Fjöru Stakkahlíð

Sambúð

Hrólfur Karl Cela, Perla Dís Kristinsdóttir og nemendur á fyrsta ári í Arkitektúr, í Gallery Fold

Útskriftarverkefni

Allt innifalið // All Inclusive, Hafnarhús

B.Arch útskriftarsýning arkitektúr

Architectures for Care, Safnarhúsið

Útskriftarsýning M.Arch

HÖNNUNARDEILD

Hlutverk Hönnunardeildar er að mennta nýjar kynslóðir hönnuða í faglegri þekkingu og getu til að takast á við áskoranir samtímans. Námið byggir á grunni hönnunargreinanna þar sem lögð er áhersla á gagnrýna hugsun, sjálfstæði og ábyrgð gagnvart samfélagi og umhverfi.

Nemendur vinna með hugmyndir, efni, form, tækni og miðlun og beita fjölbreyttum hönnunaraðferðum og listrannsóknum í þróun verkefna. Jafnframt er lögð áhersla á samstarf við samfélag og atvinnulíf þar sem hönnunarferlum er beitt til að takast á við raunveruleg viðfangsefni.

Endurskoðuð kennsluskrá tók gildi haustið 2025. Í henni er aukin áhersla á samþættingu fræða, tækni og stúdíoáfanga, auk tengsla milli kennslu, rannsókna og samstarfsverkefna við hagaðila.

Yfirlit um starfsemi deildarinnar

Á árinu 2025 voru 146 virkir nemendur í Hönnunardeild. Nemendur skiptust á námsleiðir sem hér segir:

- Fatahönnun: 35
- Grafísk hönnun: 59
- Vöruhönnun: 31
- MA Design and New Environments (MADNE): 21

Alls útskrifuðust 40 nemendur úr deildinni á árinu.

Í árslok 2025 voru tæp 12 stöðugildi akademískra starfsmanna við deildina. Á árinu hlutu Adam Flint Taylor framgang í dósentstöðu í grafískri hönnun og Thomas Pausz framgang í prófessorstöðu.

Marteinn Sindri Jónsson var ráðinn í dósentstöðu í fræðum.

Þórunna Dögg Björnsdóttir var ráðin í dósentstöðu og jafnframt í hlutverk fagstjóra nýrrar námsleiðar, INDA – gagnvirk list og hönnun.

Útskriftarsýningar

Sýning BA-útskriftarnema í fatahönnun, grafískri hönnun og vöruhönnun fór fram í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, í maí undir yfirskriftinni *Allt innifalið*. Sýningarstjórn var í höndum akademískra starfsmanna deildarinnar. Sem hluti af útskriftarhátíð var tískusýning BA-nema í fatahönnun haldin í Hörpu og sóttu hana rúmlega 500 gestir.

Útskriftarsýning MA Design and New Environments (MADNE) var haldin í gallerírýminu *Á Milli* við Ingólfsstræti í maí.

Ný námsleið, INDA – gagnvirk list og hönnun

Eitt stærsta þróunarverkefni ársins var undirbúningur nýrrar námsleiðar, INDA – gagnvirk list og hönnun, sem Hönnunardeild mun hýsa.

INDA er sameiginleg námsleið Listaháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík þar sem tölvunarfræði, hönnun og listsköpun eru samtvinnuð í þróun gagnvirkra upplifana og nýrra frásagnaraðferða í stafrænu og efnislegu umhverfi.

Á haustmíssi 2025 var kennsluskra námsins þróuð af teymi beggja skóla og jafnframt var ráðið í dósentstöðu með fagstjórn fyrir námsleiðina. Námið hefst skólaárið 2026–2027 og fer fram bæði í HR og LHÍ.

Stefnumótun og áherslur deildarinnar

Á haustmisseri 2025 hófst markviss vinna við stefnumótun Hönnunardeildar í tengslum við nýja kennsluskra og útfærslu á stefnu Listaháskóla Íslands 2024–2028.

Í þeirri vinnu er verið að kortleggja hvernig nám í hönnun mótast af aðstæðum hér á landi, þar sem smár markaður, takmarkaðir framleiðsluinnviðir og aukin áhersla á tengsl við efnisheiminn og samfélagið hafa áhrif á þróun hönnunargreinanna.

Áhersla er lögð á samþættingu tækni, rannsókna og frumsköpunar, auk umhverfismála, efnisrannsókna og nýrra leiða til miðlunar í stafrænu samhengi.

Samstarf og tengsl við samfélagið

Í mörgum námskeiðum vinna nemendur að verkefnum í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir og aðra hagaðila í samfélaginu og takast þannig á við raunveruleg viðfangsefni í hönnun.

Meðal stærri verkefna deildarinnar eru *Farvegir og form*, sameiginleg bókaútgáfa sem nemendur gráfískrar hönnunar vinna frá hugmynd að útgáfu.

Í fatahönnun er verkefnið *Misbrigði* fastur liður í náminu. Þar vinna nemendur með efnisstrauma og endurnýtingu í samstarfi við fatasöfnun Rauða kross Íslands, og lýkur verkefninu með tískusýningu þar sem afrakstur vinnunnar er kynntur.

Nemendur í vöruhönnun taka reglulega þátt í vinnustofum, meðal annars á HönnunarÞingi á Húsavík og á Dutch Design Week í Eindhoven, auk þess að sýna verk sín í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki, eins og í verkefninu *Enginn er eyland* í Elliðaárstöð.

Nokkur verkefni sem hefjast innan námskeiða fá framhaldslíf utan skólans. Sem dæmi má nefna upphitaðan bekk fyrir almenningsrými sem nemendur MADNE hönnuðu í samstarfi við Veitur, þar sem varmi úr bakvatni frá leiðslum er nýttur í stað þess að fara til spillis.

MA Design and New Environments (MADNE)

Meistaránámið MADNE flutti á árinu í húsnaði skólans í Stakkahlíð og met var slegið í umsóknum um námið. Skólaárið 2025–2026 sækja 21 nemandi námið á fyrsta og öðru ári og kemur stór hluti þeirra frá erlendum háskólum.



Verkefni nemenda eru unnin í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir og fjölbreytt rannsóknarverkefni. Nokkur þeirra hafa fengið framhaldslíf með styrkjum úr Nýsköpunarsjóði námsmanna og orðið hluti af áframhaldandi þróunarverkefnum hjá samstarfsfyrirtækjum.

Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Á árinu 2025 var rannsóknarþjónusta Listaháskóla Íslands eflað, sem hefur haft jákvæð áhrif á rannsóknastarf deildarinnar. Akademískir starfsmenn sóttu í auknum mæli um styrki en rannsóknir þeirra snúa meðal annars að handverkshefðum, efnistækni og varðveislu efnislegs og stafræns menningararfs.

Á árinu hófst jafnframt markviss skráning rannsóknaverkefna í Research Catalogue og IRIS.

Deildin tekur einnig virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi í gegnum CIRRUS, Cumulus, ELIA og Erasmus+. Meðal rannsókna- og samstarfsverkefna er *Climate Truth Crisis*, sem hófst árið 2025 og fjallar um hlutverk ungra hönnuða í upplýsingaóreiðu samtímans og loftslagsmálum. Þá er deildin einnig þátttakandi í verkefninu *Beyond E-Textiles*. Í tengslum við verkefnið kom bókin *Beyond Entangled* út á árinu.

Sem hluti af alþjóðlegu samstarfi deildarinnar tók akademískur starfsmaður, Katrín Káradóttir, þátt í *International Cristóbal Balenciaga Conference*, sem haldin var í Balenciaga-safninu í Getaria á Spáni. Þar flutti hún erindi um verkefnið *Transmissions*, sem tengir rannsóknir á verkum Balenciaga við kennslu og þróun verkefna í fatahönnun við Listaháskóla Íslands.

Viðurkenningar og tilnefningar

Akadémískur starfsmaður deildarinnar, Arnar Már Jónsson, var á árinu tilnefndur til Hönnunarverðlauna Íslands fyrir verkefnið *FÉ*, fatalínu sem byggir á íslensku ull og sameinar handverk, nýsköpun og sjálfbæra efnisnotkun.



KVIKMYNDALISTADEILD

Á árinu útskrifuðum við fyrsta árganginn úr BA-náminu okkar en þá átti sá sögulegi atburður sér stað að nemendur útskrifuðust í fyrsta sinn með háskólagráðu í kvikmyndagerð frá íslenskum háskóla. Útskriftarverkin voru sýnd fyrir fullu húsi á Filmu, kvikmyndahátíð deildarinnar, sem haldin var í annað sinn í Bíó Paradís í maí 2025.

Í haust fluttum við úr Borgartúni 1 og inn í nýtt heimili deildarinnar að Þórunnartúni 2. Þar eru 37 nemendur í þremur árgöngum, sjö starfsmenn og kennarar, auk fjölda stundakennara.

Nú þegar BA-námið er komið í fastar skorður erum við farin að beina sjónum okkar að þróun á meistaranámi.

Núverandi og útskrifaðir nemendur – hápunktar

Í mars voru eftirfarandi nemendamyndir frumsýndar á kvikmyndahátíðinni Stockfish:

- *Í takt* eftir Hönnu Huldu Hafþórsdóttur (sigurvegari í flokknum Leikin mynd ársins og hlaut Eva Maria Daniels-verðlaunin)
- *Húsið í Dnipro* eftir Steinar Þór Kristinsson
- *Réttstaða* eftir Jónu Grétu Hilmarsdóttur
- *Rísandi* eftir Samúel Lúkas Rademaker
- *Sara* eftir Steinar Þór Kristinsson

Í september voru eftirfarandi nemendamyndir frumsýndar á RIFF – Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík:

- *Á milli línanna* eftir Luca Furlan
- *Gullna reglan* eftir Telmu Huld Jóhannesdóttur
- *Marteinn* eftir Brynjar Leó Hreiðarsson
- *Óð* eftir Alfreð Hrafn Magnússon
- *Sara* eftir Steinar Þór Kristinsson

Sara, stuttmynd Steinars Þórs, hlaut tilnefningu í flokknum *Best Nordic Short Film* á Nordisk Panorama, sem haldin var í Malmö í september. Í sama mánuði kynnti Signý Rós Ólafsdóttir, þá nýútskrifuð úr deildinni, verkefni sitt *Ertu Guð, afi?* á Nordic Talents.

Kennarar – hápunktar

Kvikmyndin *Ljósbrót*, sem Heather Millard, aðjúntkt, framleiddi, hlaut Dragon-verðlaunin fyrir bestu norrænu mynd á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg og Edduverðlaunin fyrir mynd ársins, leikstjórn, leikkonu, leikkonu í aukahlutverki og brellur.



Stuttmyndin *O (Hringur)*, sem Heather framleiddi einnig, hlaut Edduverðlaunin fyrir stuttmynd ársins og hefur hlotið yfir 15 alþjóðleg verðlaun.

Erlendur Sveinsson, aðjúkt, hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir tónlistarmyndband ársins og *Best Visual Representation*-verðlaunin á tónlistarverðlaunum Reykjavík Grapevine fyrir 1000 orð.

Erlendur var einnig tilnefndur til verðlauna fyrir bestu leikstjórn á Íslensku sjónvarpsverðlaununum og til auglýsingaverðlaunanna Lúðursins.

Tengsl við iðnaðinn

Meistaraspjöllin okkar eru brú milli deildarinnar og kvikmyndaiðnaðarins. Í ár komu eftirfarandi gestir í heimsókn til okkar:

- Sol Berruezo Pichon-Riviere (handritshöfundur/leikstjóri)
- Kristín Lea Sigríðardóttir (nándarþjálfari)
- Lilja Ingólfssdóttir (handritshöfundur/leikstjóri)
- Kevin McCormack (handritshöfundur/leikstjóri/gervigreindarsérfræðingur)
- Ragnar Kjartansson (myndlistarmaður)
- Ágúst Guðmundsson (handritshöfundur/leikstjóri)

Nemendur fara líka í vettvangsferðir til fyrirtækja og stofnana þar sem þau kynnast hagsmunaaðilum í íslensku kvikmyndagerðarumhverfi. Í ár heimsóttu nemendur, líkt og fyrri ár, eftirfarandi aðila:

- Kvikmyndasafn Íslands
- Kukl
- Stúdíó Sýrlands / Storyline
- Trickshot
- Bíó Paradís

Alþjóðlegt samstarf

Í júní tóku sex nemendur okkar þátt í Nord Creative Camp á strönd í Litháen við Eystrasaltið, ásamt nemendum frá tíu öðrum kvikmyndaskólum frá Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjum. NordFilm, samstarfsnet kvikmyndaskóla frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum, stendur fyrir námsbúðunum, auk annarra hraðnámskeiða (e. express mobility) sem nemendum okkar býðst að taka þátt í.

Í janúar sóttu útskriftarnemar okkar kvikmyndahátíðina í Gautaborg og tóku þátt í námskeiðinu Haldið út í kvikmyndaiðnaðinn (e. *Entering the Industry*), sem Nordcil, norrænt samstarfsnet kvikmyndaskóla, stóð fyrir og var haldið í fyrsta sinn í ár.

Í október tók Steven Meyers, deildarforseti, þátt í ráðstefnu CILECT í Guadalajara, Mexíkó. Þar kynnti hann sameiginlega rannsóknarverkefnið *Compassion Revolution*, ásamt samstarfsfólki sínu frá Arcadaháskólanum í Helsinki og Kristiania-háskólanum í Osló.

LISTKENNSLUDEILD

Meginhlutverk Listkennsludeildar er að mennta listkennara til starfa fyrir öll skólastig. Til viðbótar við hefðbundna kennaramenntun býður deildin einnig upp á nám í Listum og velferð, bæði sem 120 eininga meistaranám og 60 eininga diplómanám.

Fastráðnir akademískir starfsmenn deildarinnar voru 9 í tæpum sjö stöðugildum. Mikil aðsókn er í nám í Listkennsludeild en eftir að inntökufæri lauk vorið 2025 var 62 einstaklingum boðin skólavist og bættust þeir við sama fjölda, þannig að í lok árs voru 120 nemendur með opinn námsferil í deildinni.

Útskriftarviðburður deildarinnar að vori fór fram í Stakkahlíð þriðjudaginn 13. maí og var opinn almenningi. Á árinu voru útskrifaðir 20 nýir kennarar.

Húsnæði og aðstaða

Við flutning Menntavísindasviðs Háskóla Íslands úr Stakkahlíð yfir í Sögu jókst rými Listaháskólans í Stakkahlíðinni. Þetta fól í sér ýmsar hrókeringar innanhúss og í kjölfarið flutti Listkennsludeild starfsemi sína úr Hamri í Stakkahlíð yfir á þriðju hæð í Enni. Hin nýju húsakynni rúma starfsemi deildarinnar afar vel enda þarf deildin að mæta þörfum stóraukins nemendafjölda.

HELSTU VERKEFNI, RANNSÓKNIR OG SAMSTARF

Listalestin

Síðastliðin átta ár hefur deildin verið í samstarfi við *List fyrir alla*, sem er barnamenningarverkefni á forræði Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins. Verkefnið ber heitið *Listalest Listaháskóla Íslands* (<https://veita.listfyriralla.is/listalestin/>.) Samstarfið felur í sér að nemendur deildarinnar skipuleggja þverfaglegar vinnusmiðjur fyrir unglinga í skólum á landsbyggðinni, fara á staðinn og vinna með nemendum í 2-3 daga og setja upp sýningu. Frá 2020 voru verkefnið gerð aðgengileg á vef List fyrir alla og eru þar í gagnabanka sem kennarar á öllu landinu geta nýtt sér í kennslu. Sjá nánar hér: <https://veita.listfyriralla.is/listalestin/>. Vorið 2025 heimsótti Listalestin Flóaskóla í Flóahreppi. Vigdís Gunnarsdóttir stýrir verkefninu fyrir hönd Listkennsludeildar.

Samstarf við Háskólann á Akureyri

Árið 2021 var undirritaður samningur milli Listkennsludeildar Listaháskólans og Kennaradeildar Háskólans á Akureyri sem kvað á um umsjón Listkennsludeildar og kennslu tveggja námskeiða í listgreinum við kennaradeild HA. Einnig kvað samningurinn á um tækifæri nemenda til að sækja námskeið þvert á skóla, að hámarki fimm gestanemendur á hverri önn. Þrátt fyrir að kennsla og útfærsla námskeiðanna hafi

tekist mjög vel að mati hlutaðeigandi rann samningurinn út sumarið 2025 og var tekin ákvörðun um að endurnýja hann ekki.

Birkivist

Listkennsludeild tekur þátt í samstarfverkefninu *Birkivist* ásamt námsbraut í vöruhönnun. Guðbjörg R. Jóhannesdóttur, dósent við Listkennsludeild leiðir verkefnið innan skólans ásamt Rúnu Thors, lektor í vöruhönnun. Í verkefninu eru greindar helstu hindranir og tækifæri fyrir náttúrulegt landnám birkis og hvernig samfélagslegir þættir hvetja eða letja endurheimt þess. Samstarfsaðilar verkefnisins, auk LHÍ, eru LBHÍ, HÍ, Skógræktin, Svami ehf. og Gró-LRT. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna hér: <https://birkivist.is>

Freedom to Make Sense: Embodied, experiential and mindful research

Frelsi til merkingarsköpunar: Líkamlegar, reynslubundnar og íhugular rannsóknir

Verkefnið er samstarfsverkefni Listkennsludeildar og heimspekideildar HÍ og hlaut öndvegisstyrk Rannsóknasjóða Vísinda og tækniráðs í janúar 2024. Verkefnið byggir á grunni fyrra rannsóknarverkefnis, *Líkamleg gagnrýnin hugsun* (e. Embodied critical thinking) sem sömu aðilar stóðu að. Verkefnið felst í kerfisbundinni, djúptækri og verklegri endurskoðun á gagnrýninni hugsun, bæði sem hugtaki og iðju, með beitingu nýlegra kenninga og rannsókna sem varða líkamleika og reynsluhugsun. Sjá nánar hér: <https://makesense.hi.is>. Verkefnið er unnið í samstarfi við yfir 20 háskóla og rannsóknarstofnanir víðs vegar um heiminn. Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Kristín Valsdóttir eru aðalrannsakendur í verkefninu ásamt Sigríði Þorgeirsdóttur, Donötu Schoeller og Birni Þorsteinssyni. Gunndís Ýr Finnbogadóttir dósent við Listkennsludeild er doktorsnemi í verkefninu.

Samstarf um UNESCO málþing

Á haustdögum 2024 hófst viðamikill undirbúningur málþings um nýjan ramma UNESCO um list og menningarfræðslu í samstarfi íslensku UNESCO-nefndarinnar, Mennta- og barnamálaráðuneytisins, Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins, Listkennsludeildar Listaháskóla Íslands, Kennarasambands Íslands, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og List fyrir alla. Málþingið fór fram í janúar 2025. Sjá nánar hér: <https://www.lhi.is/malthing-unesco-um-menningar-og-listmenntun/>

Samstarf við UniArts í Helsinki

Á árinu 2023 var myndaður samstarfshópur kennara við Listkennsludeild og kennara við UniArts í Helsinki. Fundað var bæði í Reykjavík og Helsinki með styrkjum frá Erasmus+, þar sem hugmyndir hópanna voru reifaðar og lagður grunnur að áframhaldandi samvinnu með sérstakri áherslu á þróun

kennslufræði fyrir háskólakennara í listum. Samstarfið er enn í gangi með heimsóknum hingað frá UniArts. Auk þess fóru þrír kennarar Listkennsludeildar sem gestakennarar til Helsinki með styrkjum frá Erasmus+, í mars 2025 og kenndu verðandi listkennurum.

Edda Norden: Internationalizing Nordic and Baltic Teacher Training in Visual Arts and Craft Education

Þetta þróunarverkefni miðar að því að styðja við alþjóðavæðingu í kennaramenntun í myndlist og handverki á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum. Þar sem kennaramenntun er yfirleitt bundin löggjöf, reglugerðum, tungumáli og stefnum, eru alþjóðleg samstarfsverkefni milli kennaranema og kennara í myndlist og handverksfræðslu í Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum jafnan á grunni einstakra verkefna. Markmið þessa þróunarverkefnis er að koma á fót sjálfbærri samstarfslíkani sem gerir meðlimum EDDA Norden samstarfsnetsins kleift að samþætta alþjóðlegt samstarf. Verkefnið hlaut framhaldsstyrk fyrir skólaárið 2025-26 til að útfæra samstarfsverkefnið nánar. Í verkefninu taka þátt átta listaháskólar og kennaramenntunarstofnanir auk Listaháskóla Íslands: Aalto University í Finnlandi; University of Agder í Noregi; HDK-Valand Academy of Art and Design í Svíþjóð; Konstfack University of Arts, Crafts and Design í Svíþjóð; Umeå University í Svíþjóð; University College í Danmörku; Vilnius University Siauliai Academy í Litháen. Hye Joung Park og Ingimar Ólafsson leiða verkefnið fyrir hönd Listkennsludeildar. Þróunarverkefnið er alfarið styrkt af NordPlus.

Verkefnið Iceland-Guinea Exchange

Verkefnið kemur upphaflega til að frumkvæði Sviðslistadeildar í samvinnu við dansflokkinn Ballet Merveilles de Guinée í Vestur-Afríku og hefur það að markmiði að skapa listræn og menningarleg tengsl og hafa Listkennsludeild og NAIP meistaranámsbrautin við Tónlistardeild bæst við. Í dansflokknum Ballet Merveilles eru rúmlega 80 listamenn sem þjálfá fólk í dansi, söng, slagverki, leikhúsi og búningagerð. Félagar í dansflokknum hafa lagt áherslu á að varðveita og efla menningu og listir í Gíneu. Í janúar 2025 fóru þrír kennarar og fimm nemendur á vegum LHÍ til Conakry, höfuðborgar Gíneu og tóku þátt í námskeiði í samstarfi við dansflokkinn og grunnskóla í borginni. Vigdís Gunnarsdóttir leiðir verkefnið fyrir hönd Listkennsludeildar. Verkefnið er alfarið styrkt af Erasmus+.

Annað


Til viðbótar við skilgreind samstarfs- og rannsóknaverkefni er Listkennsludeild í lifandi samtali við aðra háskóla og rannsakendur. Til að mynda má nefna að við tókum bæði vor og haust á móti fulltrúum Universidad del Atlantico Medio (<https://www.universidadatlanticomedio.es>) sem er starfræktur á Gran Canarí á Kanaríeyjum. Þau hafa lýst yfir áhuga á að koma á laggirnar formlegu samstarfi og möguleikum á nemenda- og kennaraskiptum ekki síst með áherslu á þverfaglegt samstarf með hugsanlegri aðkomu Kvikmyndalistadeildar og/eða Myndlistardeildar LHÍ. Einnig er vert að nefna ferðir nemenda og kennara við Listir og velferð til University College Copenhagen í Kaupmannahöfn og til við Metropolia University of Applied Sciences í Helsinki.

TENGLI VIÐ FAGVETTIVANG INNANLANDS

Vettvangsnám er stór hluti af námi í Listkennsludeild og er því samstarf deildarinnar og margra tónlistar-, leik-, grunn- og framhaldsskóla. Í tengslum við námsleiðina Listir og velferð hefur verið stofnað til samstarfs við þann fagvettvang, t.d. Rauða krossinn, Listahátíð Reykjavíkur og fleiri stofnanir. Nemendur fá þar tækifæri til að spreyta sig við kennslu og starf á vettvangi.

Listnámskeið fyrir börn

Listkennsludeild Listaháskóla Íslands hefur undanfarin ár einnig boðið upp á listnámskeið fyrir áhuga-sama grunnskólanemendur þar sem nemendur kenna undir leiðsögn kennara við deildina. Þetta árið fór deildin í samstarf við nærumhverfið í Stakkahlíð og bauð nemendum í Frístundamiðstöðunum Halastjörnunni í Háteigsskóla og Eldflauginni í Hlíðaskóla að sækja listnámskeið undir leiðsögn kennara-nema í námskeiðinu *Kennari af lífi og sál*. Nemendum Halastjörunnar var boðið að sækja námskeiðin í



húsakynnum Listkennsludeildar í Enni í Stakkahlíð en nemendum Eldflaugarinnar bauðst að fá heimsókn frá kennaranemunum, enda um talsvert langan veg að fara fyrir nemendur í Hlíðaskóla. Almenn ánægja var með þessi námskeið.

Samstarfsnefnd Félags tónlistarkennara, Kennarasambands Íslands, Tónlistardeildar og Listkennsludeildar LHÍ

Árið 2016 var stofnuð samstarfsnefnd Kennarasambands Íslands og Listaháskóla Íslands um málefni kennaramenntunar. Á grunni þess samstarfs var stofnaður haustið 2024 samstarfshópur um eflingu tónlistarmenntunar og tónlistarkennaramenntunar. Fyrir hönd LHÍ sitja Þóra Einarsdóttir aðstoðarrekktor náms- og kennslu, Pétur Jónasson deildarforseti Tónlistardeildar og Ingimar Ólafsson Waage deildarforseti Listkennsludeildar. Starfshópurinn fundar einu sinni í mánuði.

Annað

Á árinu hófst virkt samstarf Listkennsludeildar við Opna Listaháskólann um framboð á námskeiðum til almennings með áherslu á starfsþróun kennara og tónlistarkennara.

Til viðbótar framangreindu má nefna að akademískir starfsmenn deildarinnar hafa verið mjög virkir á fagvettvangi með virkri þátttöku í málþingum bæði hérlendis og erlendis. Auk ofantaldra verkefna eru starfsmenn deildarinnar í fjölmörgum nefndum og ráðum á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytisins og fleiri aðila sem tengjast kennaramenntun, menntun listgreinakennara og tónlistarkennara. Má nefna m.a. Kennararáð, ráðgjafanefnd um nýliðun kennara, Viðurkenningarráð Íslensku menntaverðlaunanna, stýrihópi Menntafléttu og Menntamiðju o.fl. Einnig er vert að nefna að í gangi er samtali við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Landssamtökin Proskahjálpi o.fl. um jafnt aðgengi að listnámi.

MYNDLISTARDEILD

Námið samanstendur af val- og kjarnanámskeiðum sem stuðla að sjálfstæðri vinnu, samstarfsverkefnum og tilraunum í efni og aðferðum, hvort sem um verklega eða fræðilega vinnu er að ræða. Myndlist er fjölbreytt fag sem kennsluskra deildarinnar leitast við að endurspeglar. Áhersla er lögð á að hver nemandi finni sína leið til að þróa eigin listsköpun og aðferðir. Nemendur hafa vinnustofu á meðan á náminu stendur þar sem viðfangsefni eru þróuð yfir lengri tíma í samtali við kennara deildarinnar, stundakennara, gesti og samnemendur.

Nám í myndlist, bæði á BA- og MA-stigi, undirbýr nemendur fyrir meistanáms og fjölbreytt störf á fagvettangi myndlistar og í öllu starfi þar sem forvitni og tilraunir liggja til grundvallar.

Fréttir (úrval) 2025

Kennsluskra skólaársins 2025–26 tók mið af gæðamati sem fór fram við deildina og lauk á haustönn 2024. Meðal breytinga að gæðamati loknu er að einingafjöldi námskeiða er ýmist 2,5, 5, 10, 15, 20 og 30 ECTS-einingar. Skyldunámskeið í fræðum eiga sér nú stað á 1. ári BA-náms. BA-ritgerð er lokið á haustönn þriðja árs í stað vorannar. Í gegnum árin hefur stöðugu gæðaeftirliti á námsleiðum deildar verið sinnt vel af starfsfólki með það að leiðarljósi að námið og námsumhverfi endurspeglar breidd í aðferðum og áherslum í samtímamyndlist. Í júlí voru tvær nýráðningar í deildinni og bættust þau Sigrún Hrólfsdóttir og Sigurður Guðjónsson prófessorar við starfsmannahópinn. Alls voru því 8,3 stöðugildi í deildinni árið 2025, sem er aukning um eitt 60% stöðugildi frá árinu áður. Einnig bættist við eitt stöðugildi doktorsnema sem fjármagnað var til tveggja ára en það er hluti af samstarfsverkefni LHÍ, HÍ og Listasafni Íslands. Í september var Bryndís H. Snæbjörnsdóttir (áður prófessor og fagstjóri MA-náms) sæmd nafnbótinni heiðursprófessor. Unnið var að undirbúningi stofnunar doktorsnáms við deildina. Öflugt nemendafélag deildarinnar hefur á árinu sinnt líflægu félagsstarfi og þátttöku í stúdentaráði. Aukningu í umsóknafjölda eftir niðurfellingu skólagjalda varð enn vart vorið 2025 en alla jafna eru teknir inn á bilinu 25 til 30 nemendur í BA-nám og 10 í MA-nám á alþjóðlegri MA-námsleið í myndlist. Árið 2025 bárust 100 umsóknir í BA-nám og 49 í MA-nám. Árið 2024 bárust 107 BA umsóknir og 35 MA en árið 2023 voru 66 BA umsóknir talsins og 17 MA). Vorið 2025 útskrifaðist einn nemandi með meistaraþráðu í sýningagerð. 22 nemendur útskrifuðust úr BA-námi í myndlist og 9 úr MA-námi í myndlist. Útskriftarnemendur koma víða að; það er dýrmætt fyrir umhverfi skólans og myndlistarsamfélagsins að hingað veljist nemendur úr ólíkum áttum með fjölbreyttan bakgrunn og listrænar áherslur.

Kennsluskra skólaársins 2025–26 tók mið af gæðamati sem fór fram við deildina og lauk á haustönn 2024. Meðal breytinga að gæðamati loknu er að einingafjöldi námskeiða er ýmist 2,5, 5, 10, 15, 20 og 30 ECTS-einingar. Skyldunámskeið í fræðum eiga sér nú stað á 1. ári BA náms og BA-ritgerð er lokið á haustönn þriðja árs í stað vorannar. Í gegnum árin hefur stöðugu gæðaeftirliti á námsleiðum deildar verið sinnt vel af starfsfólki með það að leiðarljósi að námið og námsumhverfi endurspeglar breidd

í aðferðum og áherslum í samtímamyndlist. Í júlí voru tvær nýráðningar í deildinni og bættust þau Sigrún Hrólfsdóttir og Sigurður Guðjónsson prófessorar við starfsmannahópinn. Samtals bættist við eitt stöðugildi í 60% starfshlutfalli við deildina. Alls voru því 8,3 stöðugildi í deildinni árið 2025 og eitt stöðugildi doktorsnema sem fjármagnað var til tveggja ára sem hluti af samstarfsverkefni LHÍ, HÍ og Listasafni Íslands. Í september var Bryndís H. Snæbjörnsdóttir (áður prófessor og fagstjóri MA náms) sæmd nafnbótinni heiðursprófessor. Unnið var að undirbúningi stofnunar doktorsnáms við deildina. Öflugt nemendafélag deildarinnar hefur á árinu sinnt líflegu félagsstarfi og þátttöku í stúdentaráði. Aukningu í umsóknafjölda eftir niðurfellingu skólagjalda varð enn vart vorið 2025 en alla jafna eru teknir inn á bilinu 25 til 30 nemendur í BA nám og 10 í MA nám á alþjóðlegri MA-námsleið í myndlist. Árið 2025 bárust 100 umsóknir í BA nám og 49 í MA nám. Árið 2024 bárust 107 BA umsóknir og 35 MA en árið 2023 voru 66 BA umsóknir talsins og 17 MA. Vorið 2025 útskrifaðist einn nemandi með meistaragráðu í sýningagerð. 22 nemendur útskrifuðust úr BA námi í myndlist og 9 úr MA námi í myndlist. Útskriftarnemendur koma víða að; það er dýrmætt fyrir umhverfi skólans og myndlistarsamfélagsins að hingað veljist nemendur úr ólíkum áttum með fjölbreyttan bakgrunn og listrænar áherslur.

Starfsfólk myndlistardeildar 2025

BA-nám í myndlist: Carl Boutard (prófessor og fagstjóri), Ólöf Nordal (prófessor og fagstjóri), Páll Haukur Björnsson (lektor og fagstjóri), Sirra Sigrún Sigurðardóttir (dósent og fagstjóri)

MA-nám í myndlist: Hildur Bjarnadóttir (prófessor og fagstjóri), Sigrún Hrólfsdóttir (prófessor), Sigurður Guðjónsson (prófessor)

Fræði myndlistar: Jóhannes Dagsson (dósent, rannsóknarleyfi vor 2025), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (prófessor og fagstjóri á BA- og MA-stigi), Aðalheiður L. Guðmundsdóttir (aðjúnt á vorönn)

Brigid McLeer (gestaprófessor á haustönn 2024, lauk verkefnum á vorönn 2025)

Bryndís Snæbjörnsdóttir (heiðursprófessor)

Berglind Jóna Hlynsdóttir (doktorsnemi)

Deildarforseti: Bjarki Bragason

Starfsfólk háskólaskrifstofu í Myndlistardeild:

Deildarfulltrúi: Guðrún Lárusdóttir (til hausts), Ellen Harpa Kristinsdóttir (frá hausti)

Akademískur verkefnastjóri: Þorvaldur S. Helgason

Verkefnastjóri: Ingibjörg Huld Haraldsdóttir

Auk fastráðins starfsfólks koma fjöldi stundakennara að starfi myndlistardeildar á ári hverju og sinna kennslu námskeiða og námskeiðshluta á öllum stigum náms við deildina. Stundakennarar eru starfandi sérfræðingar á sviði myndlistar og öðrum fögum og eru framlag þeirra til námsins ómetanlegt.

Rannsóknir starfsfólks

Á árinu 2025 voru 10 akademískir starfsmenn með skilgreint rannsóknarhlutfall starfandi við deildina, auk heiðursprófessors, doktorsnema (80% rannsóknir og 20% kennsla) og aðjúnkts. Starfsfólk sinnir

öflugum og fjölbreyttum rannsóknum og verkefnum á sviði myndlistar og listfræða. Verkum þeirra er miðlað á opinberum vettvangi innanlands sem utan, m.a. í formi sýninga í söfnum, galleríum, listamannareknum rýmum, opinberu rými, rituðum greinum, framlögum til útgáfa, þátttöku í ráðstefnum og málþingum.

Starfsfólk hefur hlotið styrki úr innri og ytri samkeppnissjóðum til að sinna verkefnum, auk annarrar fjármögnunar. Í nóvember hlaut Creative Europe styrkur fyrir rannsóknarverkefni sem unnið verður á næstu árum í samstarfi fjögurra evrópskra stofnanna, þ. á m. myndlistardeild og Angewandte háskólans í Vínnarborg.

Tveir starfsmenn sinntu leiðbeiningu doktorsverkefna á árinu auk setu í doktorsnefnd. Starfsfólk sinnti einnig leiðbeiningu meistaraverkefna innan deildar og við aðrar stofnanir. Listaháskólinn er aðili að samstarfsverkefni um rannsóknarnám í listum og listfræði á vegum Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Listasafns Íslands (sjá nánar í ársskýrslu 2024). Nefnd um þróun doktorsnáms við LHÍ er starfandi og hafa tveir starfsmenn deildar aðkomu að starfi hennar auk samráðs innan deildar og skólans en gert er ráð fyrir að doktorsnám verði fyrst komið á laggirnar í myndlistar- og tónlistardeildum skólans. Yfirstandandi ferli leggur grunninn að eflingu rannsóknarumhverfis deildarinnar og fagsins.

Innan deildar er starfrækt rannsóknarsella þar sem akademískir starfsmenn hittast reglulega yfir skólaárið og rýna rannsóknir og ferli hvers annars. Þar að auki tók starfsfólk virkan þátt í innra rannsóknarstarfi skólans í gegnum On Research og á árlegum rannsóknarfundi deildar. Fimm úr hópi starfsmanna héldu erindi á ráðstefnunni Hugarflugi, auk þriggja MA nemenda og tveggja stundakennara. Samkvæmt rannsóknarstefnu var unnið að skráningu í IRIS og Research Catalogue gagnagrunnana og má þar finna upplýsingar um gróskumikla rannsóknarvirgni starfsfólks í listsköpun og fræðum sem þessi stutti texti nær ekki utan um.

Sýningarverkefni nemenda

Nemendur myndlistardeildar vinna að sýningarverkefnum í náminu ýmist sem hluta af skipulögðu námsferli eða sjálfsprottið, í lok námskeiða og við útskrift. Sýningarnar eiga sér stað innan skólans og í samstarfi við stofnanir, listamannarekin rými, félagasamtök og söfn. Deildin hefur til umráða þrjú sýningarrými í Laugarnesi; þau eru sérhæfð námsrými og mikilvægur vettvangur náms, kennslu og rannsóknarferlis. Auk þess starfrækir deildin nemendagalleríð Rýmd, til húsa að Völvufelli 11, Reykjavík, sem haldið er utan um af nefnd skipuð nemendum á BA- og MA-stigi, auk útskrifaðs nemenda. Nefndin stýrir sýningarstarfi yfir árið og er Rýmd vettvangur tilrauna í listsköpun og sýningagerð.



Sýningarverkefni nemenda 2025 (úrdráttur):

BA1: *Káprizipong* (vor), sýningar við lok valnámskeiða (vor), *Orka kynnir: samsýning fyrsta árs nema í myndlist*, sýning í lok námskeiðsins *Leiðir og úrvinnsla* (haust)

BA2: *Svaðilför, Hækjuslagur* (vor), sýningar við lok valnámskeiða (vor), *Til mikils ama og allrar hamingju*, samsýning á Korpúlfsstöðum við lok námskeiðanna *Tími, Rými, Flötur* (haust).

BA3: *tonn (1,22) og egg (60)*, *Skaftfell* (vor). *Hjásólin, ástand og bananabrauð*, *Árbæjarsafn* (vor). *Allt innifalið*, útskriftarsýning að vori í Listasafni Reykjavíkur (sýningarstjóri Arnar Ásgeirsson). Á haustönn héldu 23 nemendur einkasýningar í galleríum deildarinnar auk samsýningarinnar *ég er að hugsa um að skilja eftir þef*.

MA1: *Dvelur*, *Grasagarður Reykjavíkur*, samstarf meistara- og doktorsnema í listfræði við Háskóla Íslands (vor), *Stasis*, samsýning (vor), *In your hands*, *Verksmiðjan Hjalteyri* (haust), 25% (*Sparkplugs sýningaröð*) (haust)

MA2: 9 einkasýningar útskriftarnemenda (vor), *Visible Spectrum*, útskriftarsýning að vori í Nýlistasafninu (sýningarstjóri Daníel Björnsson).

MA2 sýningagerð: *Potion vial*, *Plateforme Gallery*, París, útskriftarverkefni *Elise Bergonzi* (haust).

Fyrirlestraröð myndlistardeildar árið 2025

Opnir hádegisfyrirlestrar við myndlistardeild eru mikilvægur þáttur í að viðhalda virku samtali við fagvettvang myndlistar og kynna nálganir og aðferðir fjölbreytts myndlistar- og fræðafólks fyrir nemendum og almennungi. Starfsfólk deildarinnar skiptist á að skipuleggja fyrirlestraröðina og breytist þannig nálgun og áhersla fyrirlestraraðarinnar á hverri önn. Mæting nemenda á hádegisfyrirlestra er m.a. hluti af námskeiðinu *Samræður*.

Vor: Adam Buffington, fyrirlestur um feril Magnúsar Pálssonar, Anna Guðjónsdóttir, Anna Júlía Friðbjörnsdóttir, Joe Keys, Styrmir Örn Guðmundsson, gjörningafyrirlestur um ævistarf Hreins Friðfinnssonar (1943-2024).

Haut: Sigurður Guðjónsson, Shirly Tse og Dana Berman Duff, Shaken Grounds: Nikolaus Gansterer, Mariella Greil, Peter Kozek, Victor Jaschke og Lucie Strecker, Matt Siegle. Hátíðarfyrirlestur við annarlok, Heimsókn í Safnasafnið, tilraunakenndur fyrirlestur: Unnar Örn og Þórgunnur Þórsdóttir, Níels Hafstein og Magnhildur Sigurðardóttir tóku þátt frá Svalbarðsströnd.

Árbók 2025

Ár hvert gefur deildin út veglega bók með yfirliti um öll útskriftarverkefni ársins, bókasyrpan er mikilvæg söguleg heimild um starfsemi Myndlistardeildar og listsköpun á Íslandi. Greta Þorkelsdóttir hannaði bókina líkt og síðustu ár. Á rúmlega 200 blaðsíðum bókarinnar er að finna gott yfirlit um verk nemenda og texta sem varpa ljósi á þau, hugleiðingar sýningarstjóra MA og BA útskriftarsýninga, deildarforseta og fagstjóra við námsleiðirnar auk yfirlits yfir stundakennara á skólaárinu og aðrar upplýsingar um deildina.

SAMSTARF VIÐ FAGVETTIVANG MYNDLISTAR

Myndlistardeild er aðili að fjölbreyttu samstarfi og situr starfsfólk í ráðum og nefndum utan skólans og sinnir trúnaðarstörfum á fagvettvangi myndlistar, rannsókna og vísinda innan lands og utan.

Íslensku myndlistarverðlaunin 2025

Myndlistardeild skipar fulltrúa í dómnefnd Íslensku myndlistarverðlaunanna.

Umræðuþræðir / Talk Series

Umræðuþræðir er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur, Listaháskóla Íslands, og Myndlistarmiðstöðvar. Gestir í Umræðuþræðum koma að starfi myndlistardeildar með ýmsum hætti, t.d. í vinnustofuheimsóknum, fyrirlestrum eða málstofum. Umræðuþræðir hafa m.a. notið stuðnings sendiráða, m.a. Þýskalands, Frakklands og Bandaríkjanna, Íslandsstofu og Goethe Institut.

Gestir umræðuþráða árið 2025 voru Andrea Lissoni, listrænn stjórnandi Haus der Kunst í München, Þýskalandi, Marta Czyz listfræðingur og sýningarstjóri frá Póllandi og Yann Toma, myndlistarmaður og prófessor við Universit  Paris 1, Frakklandi.

T mariti  Myndlist    slandi

Myndlistarr  , Myndlistarmi st  , Samband  slenskra Myndlistarmanna, Myndlistardeild LH  og Listfr  af lag  slands standa    utg fu t marits um myndlist og eiga þeir   ilar fulltr a   stj rn samkv mt stofnskr . T mariti  kemur  t  rlega   tengslum vi  veitingu  slensku myndlistarver launanna. Starfsf lk myndlistardeildar birtir reglulega greinar   t maritinu.

Samstarf vi  s fn og s ningarsta i 2025

Listasafn Reykjav kur, N listasafni , Verksmi jan   Hjalteyri, Verksmi jan   Dj pav k, Skaftfell,  rb jar-safn, S M.

ALP J DLEGT SAMSTARF

Erasmus

Erasmus neti  veitir nemendum og starfsf lki m guleika   skiptum til lengri e a skemmri t ma. Nemendur   b  um n msstigum n ta s r auk þess starfsn msm guleika eftir   n mi l kur hj  sj lfst tt starfandi listam nnum, stofnunum og vi   slenska sk lann   Feneyjum   samstarfi vi  Myndlistarmi st  .  ri  2025 t k myndlistardeild   m ti tveimur rannsakendum   doktorsn mi sem unnu sj lfst tt ranns knarverkefni   vettvangi Erasmus+. Kennarar myndlistardeildar t ku þ tt    msum skiptum erlendis    rinu, f ru   heims knir og sinntu gestakennslu. Deildinni t k auk þess   m ti gestakennurum sem  mist eru tengdir stofnunum e a sj lfst tt starfandi og n yttu s r Erasmus+.

KUNO

KUNO samstarfsnet listah sk la   Nor url ndum og Eystrasalti hefur *Academy without walls / Akadem a  n veggja* sem kj ror  sitt. Neti  byggir samstarfi    nemenda- og kennaraskiptum, sameiginlegum n mskei um (intensive projects), n mskei um þar sem sk lar opna  kve inn fj lda n mskei a fyrir ums knir þvert   neti , s ningaverkefnum og  rlegum fundi þar sem fulltr ar allra stofnana sem eiga   ild   netinu koma saman. Stj rn KUNO situr til fj gurra  ra og   myndlistardeild fulltr a   stj rn til  rsloka 2026.

Fimm starfsmenn s ttu  rsfund KUNO   KiT/NTNU   Pr ndheimi   október. KUNO tv  eringurinn var haldinn   október   Pr ndheimi og var meistaranemandi vi  myndlistardeild me al þ tttakenda.

SVIÐSLISTADEILD

Sviðslistadeild Listaháskóla Íslands leggur ríka áherslu á skapandi hugsun og tæknilega og fræðilega færni innan sviðslista. Með því að samtvinna listsköpun og fræði eru nemendur hvattir til tilrauna, nýsköpunar og gagnrýninnar nálgunar. Meginmarkmið deildarinnar er að styðja nemendur við að þróa og dýpka listræna færni sína; sameina handverk, gagnrýna hugsun og fræðimennsku við það besta úr samtímasviðslistum. Útskrifaðir nemendur Sviðslistadeildar gegna leiðandi hlutverki innan innlendra og alþjóðlegra sviðslista, sem og á mörgum öðrum sviðum; allt frá flytjendum til fræðimanna, leikhússtjóra, framleiðenda og höfunda.



Nemendur og námsleiðir

Í Sviðslistadeild er boðið upp á fjórar námsleiðir: leikaranám, alþjóðlegt samtímadansnám, sviðshöfundanám og meistaranám í sviðslistum. Nám til bakkalárgráðu er þriggja ára nám (180 ECTS-einingar) en nám á meistarastigi er tveggja ára (120 ECTS-einingar). Inntökupróf er inn á allar námsleiðir deildarinnar. Haustið 2025 hófu 34 nýnemar nám við deildina á öllum BA-námsleiðum og stunda nú um 80 nemendur nám í Sviðslistadeild.

Árið 2025 fór fram endurmat á MA námi í sviðslistum við deildina. Í kjölfarið var uppbyggingu námsins breytt og frá og með hausti 2026 verður í fyrsta sinn í LHÍ boðið upp á sérhæfingu í leikstjórn, kóreógrafíu, leikritun og sviðshöfundanám á meistarastigi. Áætlað er að taka um 10 nemendur inn í það nám og hefja kennslu haustið 2026. Endurskoðun BA námsleiða hófst á haustdögum 2025 og stendur sú vinna enn yfir. Fyrirhugað er að taka nýnema inn í nýjar kennsluskrár haustið 2027.

Fjölbreyttir viðburðir

Sviðslistadeild stóð á árinu fyrir fjölda viðburða og sýninga sem endurspeglu námið, svo sem kynningum á afrakstri námskeiða, samstarfi námsleiða, einstaklingsverkefnum og lokaverkefnum. Helst ber að nefna í þessu samhengi útskriftarsýningar deildarinnar. MA-nemar frumsýndu útskriftarverk sín í janúar 2025 og spönnuðu verkin allt frá sviðsettum göngutúrum um Vesturbæ Reykjavíkur til dansverka og karókí-tónleika sem fluttir voru á Ölver. Sviðshöfundar sýndu síðan útskriftarverk sín í húsnæði LHÍ og í Borgarleikhúsinu í mars 2025. Einnig sýndu útskriftarnemar úr leikaranámi söngleikinn LEG eftir Hugleik Dagsson, í leikstjórn Þórunnar Örne Kristjánsdóttur, í Þjóðleikhúsinu í maí 2025. Útskriftarsýning dansnema var sýnd í húsnæði LHÍ í Laugarnesi; danshöfundar voru Halla Ólafsdóttir og Sandrine Cassini. Telja má að hátt í 2000 manns hafi komið á útskriftarsýningar Sviðslistadeildar vorið 2025.

Þann 29. mars 2025 var Praxis, sviðslistaþing Listaháskóla Íslands, haldið í annað sinn. Þingið er vettvangur fyrir listrænar tilraunir, þekkingarsköpun og samtal milli fagvettvangsins og háskólasamfélagsins. Þannig er þingið staður fyrir sviðslistasenuna til að koma saman og deila aðferðum, rannsóknum og hugsa saman til framtíðar. Þema Praxis 2025 var *Leikstjórn um leikstjórn – Hvað / Hvernig / Af hverju*. Aðalfyrirlesari þingsins var Saana Lavaste, prófessor í leikstjórn við Uniarts Helsinki, en yfirskrift erindis hennar var *Að skapa þriggja stiga kringumstæður: Sviðið, sýningin og æfingaferlið*. Jafnframt voru Hallveig Kristín Eiríksdóttir leikstjóri, Dr. Steinunn Knúts-Önnudóttir og Kevin Kuhlke, prófessor við NYU Tisch School of the Arts, með erindi og lauk málþinginu með pallborði. Þátttakendur í pallborði voru Adolf Smári Unnarson, Egill Pálsson, Gréta Kristín Ómarsdóttir, Saana Lavaste og Una Þorleifsdóttir. Um 80 manns mættu á málþingið og tóku þátt í umræðum.

Haustið 2025 voru 25 ár síðan leikaranám á Íslandi fór upp á háskólastig og 20 ár frá stofnun sviðshöfundanáms og diplómanáms í samtímadansi við LHÍ 2005. Að því tilefni hélt deildin *Afmælishátíð*

Sviðslistadeildar: Málþing um framtíð sviðslistamenntunar þann 13. september 2025. Málþingið var mjög vel sótt, en hátt í 100 manns tóku þátt í málstofum um framtíð sviðslistanáms á Íslandi og nutu veitinga. Bjarni Jónsson, leikskáld og sviðslistamaður, flutti hátíðarávarp og sviðslistahópurinn 16 elskendur steig á stökk. Ljóst er að stofnun þessara brauta, og síðar alþjóðlegs samtímadansnáms til BA gráðu, hefur haft óumræðileg áhrif á íslenskar sviðslistir og eflt bæði fagvettvanginn og fræðasamfélagið í jöfnum mæli.

Alþjóðlegt samstarf í fararbroddi

Alþjóðlegt samstarf er mikilvægur liður í starfi Sviðslistadeildar og fjölmargir erlendir gestakennarar koma að kennslu nemenda. Sviðslistadeild er virkur þátttakandi í Alexandria Nova, samstarfi um menntun leikstjóra og aðferðafræði, og fóru kennarar og hátt í 20 nemendur á ólík námskeið og viðburði á vegum samstarfsnetsins á síðasta ári. Sviðslistadeild er einnig þátttakandi í Norteas, samstarfsneti sviðslistadeilda og -skóla á Norðurlöndunum og í Eystrasalti.

Sviðslistadeild hélt ársfund Norteas-netsins í nóvember 2025. Norteas er Nordplus-net sviðslistastofnana á háskólastigi á Norðurlöndunum og í Eystrasalti og samanstendur af 18 aðildarstofnunum. Komu yfir 30 alþjóðlegir gestir á ársfundinn. Dagskráin hófst með sérstökum inngildingardegi þar sem boðið var upp á fjölbreyttar kynningar og fyrirlestra frá Norteas-meðlimum. Rætt var um þau tímamótaskref og þær áskoranir sem fylgja því að gera leiklistar- og sviðslistamenntun aðgengilegri, með spennandi innleggjum um þverfaglega kennslufræði, inntökuskilyrði og áhrif verkefna á borð við Fúsa, fyrsta íslenska atvinnuleikritið sem var framleitt, skrifað og flutt af þroskahömluðum einstaklingi. Síðan tók við tveggja daga aðalfundur þar sem meðlimir frá 12 aðildarstofnunum tóku þátt. Þátttakendur miðluðu fréttum frá sínum stofnunum, ræddu mismunandi aðferðir og skipulögðu framtíðarverkefni og samkomur Norteas. Fundað var um starfsemi Norteas, þróun kennslufræði og skipulag stofnana með bæði formlegu og óformlegu sniði.

Nemendur Sviðslistadeildar á meistarastigi og kennarar eru þátttakendur í samstarfsverkefninu Intersectional Pedagogies með Malmö Theatre Academy og Norwegian Theatre Academy en verkefnið snýr að því að skoða, þróa og deila aðferðum samvinnunar milli þessara þriggja stofnana og markmiðið er að bregðast við auknum fjölbreytileika nemenda og hugsa saman til framtíðar um tækifæri til að auka aðgengi að sviðslistanámi.

Þrjú nemendur á sviðshöfundabraut og tveir starfsmenn Sviðslistadeildar tóku þátt í alþjóðlega verkefninu Building Bridges. Um er að ræða samstarfsverkefni fjögurra evrópskra listaháskóla; Uniarts Helsinki, Viljandi Culture Academy, Zürich University of Arts og Listaháskóla Íslands, sem snýr að því að þróa vinnuaðferðir og styrkja alþjóðleg tengsl. Verkefnið fór fram í Sviss, Eistlandi og Þýskalandi frá 2025–2026 og fengu þátttakendur tækifæri til að sækja þrjár vinnusmiðjur þar sem unnið var saman að ólíkum listrænum verkefnum.

Tengsl við fagvettvang

Sviðslistadeild Listaháskólans er í miklu samstarfi við fagvettvang sviðslista. Deildin á í góðum tengslum við grasrót íslenskra sviðslista og er einnig í samstarfi við helstu sviðslistastofnanir og hátíðir í landinu eins og Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið, Leikfélag Akureyrar, Íslenska dansflokkinn, Nýlistasafnið og Reykjavík Dance Festival.

Starfsfólk og kennarar

Í Sviðslistadeild starfar fjölbreyttur hópur fastráðins starfsfólks við deildina, eða sjö háskólakennarar og sjö aðjúntar, sem og stundakennara úr faginu, jafnt innlendir sem erlendir. Utanaðkomandi fagaðilar eru valdir í hlutverk prófdómara við hverja útskrift, gjarnan leiðandi fagaðilar sem ekki hafa kennt þeim nemendahópi sem er að útskrifast og veita þannig einstakt tækifæri til endurgjafar þar sem útskriftarsýningar eru sýndar á opinberum vettvangi. Starfsfólk Sviðslistadeildar eru virkir þátttakendur á fagvettvangi sviðslista með listsköpun sinni og rannsóknum. Hafa þau á undanförunu ári haldið kynningar og fyrirlestra um rannsóknir sínar, tekið þátt í umræðum á opinberum vettvangi og hlotið viðurkenningar og styrki fyrir listaverk sín.

TÓNLISTARDEILD

Tónlistardeild LHÍ

Hlutverk Tónlistardeildar er að mennta tónlistarfólk og undirbúa fyrir störf í tónlist á breiðum grundvelli. Markmiðið er að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð, auki við þekkingu sína og færni og rækti sjálfa sig sem sjálfstæða listamenn.

Nemendur

Á árinu 2025 var boðið upp á átta námsleiðir á bakkalárstigi (klassískum hljóðfæraleik, klassískum söng, kirkjutónlist, hljóðfæratónsmíðum, nýmiðlatónsmíðum, klassískri hljóðfæra- og söngkennslu, rytmískri hljóðfæra- og söngkennslu og skapandi tónlistarmiðlun) og tvær námsleiðir á meistarástigi: tónsmíðar og NAIP (evrópskt meistaranám í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi). Vel á annað hundrað nemendur stunduðu nám við deildina á árinu og heildarfjöldi útskrifaðra var 34. Metaðsókn var í deildina um vorið en umsóknir voru alls 127 og 59 nýir nemendur voru teknir inn um haustið.

Úr skólastarfinu

Helstu tíðindi ársins var opnun nýrrar námsleiðar—rytmíska flytjendanámsins Tónlist Nýsköpun Tækni (TNT). Hér birtist afrakstur langrar undirbúnings- og hönnunarvinnu alþjóðlegs hóps sérfræðinga undir stjórn deildarforseta, aðstoðarrektors náms og kennslu, og verkefnastjórans Phillip J. Doyle, með öflugri aðkomu valinna akademískra starfsmanna deildarinnar. TNT er nýjung í tónlistarmenntun á Íslandi en námsleiðin er sú fyrsta sem menntar flytjendur á þessu sviði (B.Mus) en kjörsvið eru djass; popp/rokk; laga- og textasmíðar; og rytmísk hljóðlist. Gleðilegt var að sjá hina miklu aðsókn sem var í námið, nokkuð sem undirstrikar þörfina og að náð hafði verið til hins stóra markhóps sem er hæfileikafólk á breiðu sviði rytmískrar tónlistar. Ekki er gerð krafa um formlega tónlistarmenntun til að fá inngöngu en þannig er m.a. komið til móts við kröfur um inngildingu sem er eitt leiðarljósið í stefnu Listaháskólans. Á haustönn var auk þess lokið við að endurskipuleggja klassíska flytjendanámið og tónsmíðanámið á bakkalárstigi. Námið, sem boðið er upp á haustið 2026, er nýtt: þrjár námsleiðir sem allar eru byggðar upp á nýja formatinu hvað einingar varðar, en öll námskeið verða 5, 10, eða 15 ECTS, val er stórukið og verður nú 30 ECTS en einnig verður boðið upp á sérhannaða valpakka, sem gera nemendum kleift að velja sér ákveðið áherslusvið samhliða aðalfaginu. Þannig verður námið hnitmiðaðra en jafnframt er sveigjanleiki aukinn. Tónlistardeildin leiðir þar með þróun þvert á stofnunina alla.

Á vettvangi rannsókna var áfram stefnt að því að auka hlut akademískra starfsmanna með rannsóknahlutfall á næstu árum. Jákvæð teikn eru á lofti en geta má þess að kennarar við deildina hafa þegar styrkt stöðu sína í rannsóknahverfinu með betri árangri í samkeppnissjóðum. Þá er í gangi vinna við umsókn um doktorsnám, en Tónlistardeild og Myndlistardeild hafa verið valin til að leiða það starf með það að markmiði að slíkt nám geti hafist innan ca. tveggja ára.

Húsnæðismálin voru enn og aftur ofarlega á baugi en gleðifréttirnar voru að til stendur að færa deildina úr Skipholti í Stakkahlíð um áramótin 2026–2027. Síðast en ekki síst bættist skrifstofu deildarinnar mikill liðsauki með akademíska verkefnastjóranum Ólafi Frey Birkissyni, nýjum verkefnastjóra viðburða og kynningarmála, Thelmu Hrönn Sigurdórsdóttur, og nýjum þjónustu- og tæknifulltrúa, Guðmundi Vigni Karlssyni. Öll eru þau auk þess starfandi tónlistarfólk hvert á sínu sviði og er skemmst frá því að segja að nærvera þeirra auðgar deildina til mikilla muna.

Helstu verkefni og viðburðir

Af innlendum vettvangi má nefna fasta liði eins og Gleym-mér-ei, tónleikaröð klassísku söngnámsleiðarinnar, sem er röð stuttra hádegistónleika. Þeir fara fram í anddyri Hörpu og eru opnir almenningi endurgjaldslaust og hafa hlotið mjög jákvæðar móttökur.

Útskriftarhátíð deildarinnar fór að þessu sinni fram í Salnum í Kópavogi en deildin hefur gert tíma-mótasamning við þann vettvang sem af mörgum er talinn besti tónleikasalur landsins. Það stefnir því í gjöfult samstarf sem mælist vel fyrir enda umgjörðin og aðstaða öll til stakrar fyrirmyndar.


Rytmísk kvöld voru að venju haldin í Stúdentakjallaranum þar sem samspilssveitir rytmíska kennararnámsins fengu þjálfun í að koma fram við aðstæður sem samræmast hefðum þess geira tónlistar. Fjölmenni er jafnan á þessum kvöldum, stúdentar sem og aðrir unnendur rytmískrar tónlistar. TNT tók á sama tíma upp á þeirri nýlundu að halda viðburð í Tónastöðinni, Skipholti. Þar myndaðist sérlega góð stemning innan um viðskiptavini og aðdáunarvert framboð nýrra hljóðfæra sem þar eru til sýnis og sölu. Og enn af rytmískri tónlist: hljómsveitin Korda hafði áfram aðsetur til æfinga í Dynjanda, sal deildarinnar á jarðhæð. Korda er stjórnað af Sigrúnu Griffiths og hefur það að markmiði að virkja og styrkja fólk gegnum tónlist, sem átt hefur á brattan að sækja í lífi og starfi af ýmsum ástæðum.

Af öðrum innlendum verkefnum má nefna Upptaktinn, tónsmíðaverkefni ungmenna sem rekið er í samstarfi mennta- og barnamálaráðuneytisins og LHÍ, og Unga einleikara, keppni hljóðfæraleikara og söngvara í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hápunktur keppninnar var að venju tónleikar þar sem sigurvegarar komu fram sem einleikarar ásamt hljómsveitinni. Ekki þarf að tíunda mikilvægi slíks fyrir ungt tónlistarfólk á framabraut.

Samhengi, hin formlega fyrirlestra- og viðburðaröð deildarinnar, upp á mjög metnaðarfulla dag-skrá hádegisfyrirlestra á föstudögum. Að venju byggir hún á þremur meginstöðum: rannsókn- og kennslufræðimiðuðum fyrirlestrum; heimsóknnum frá leiðandi hljóðfæraleikurum og söngvurum (sk. lecture/recitals); og málstofum tónsmíða þar sem tónskáld í fremstu röð, innlend sem erlend, kynna verk sín.

Af erlendum vettvangi vann deildarforseti náð með ANMA (samtökum stjórnenda tónlistarháskóla á Norðurlöndum); og AEC (samtökum stofnana á sviði tónlistar á háskólastigi í Evrópu, Bandaríkjunum og Suðaustur-Asíu). Óþarfi er að taka fram að um er að ræða gríðarlega verðmætar tengingar út í alþjóðasamfélagið. Þá er Tónlistardeildin aðili að fjölmörgum alþjóðlegum samstarfsverkefnum og ánægjulegt er að geta þess að deildin hefur sérstöðu innan Listaháskólans hvað árangur varðar í fjölda styrkja gegnum Erasmus og aðra sambærilega alþjóðlega samvinnusjóði. Má þar nefna verkefni tengt rytmíska náminu þar sem í hlut eiga tónlistarháskólinn í Árósum og Tónlistardeild LHÍ. Auk þess má nefna í þessu samhengi Crossing Keyboards, samstarf klassískra píanómemenda og kennara við fjölda erlendra tónlistarháskólana (hvorttveggja meistaranámskeið og tónleikar í öllum hlutaðeigandi löndum).





REKSTUR OG FJÁRMÁL

FJÁRMÁL

Rekstrarreikningur ársins 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|------------------------------------|-------|--------------------|--------------------|
| Tekjur úr ríkissjóði | | 2.854.853.781 | 2.360.860.000 |
| Skólagjöld | | 58.871.721 | 247.785.443 |
| Aðrar tekjur | | 33.048.244 | 46.437.454 |
| | | 2.946.773.746 | 2.655.082.897 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 4 | (1.759.489.250) | (1.626.341.344) |
| Húsnæðiskostnaður | | (597.223.544) | (535.388.376) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (289.316.465) | (215.206.182) |
| Afskriftir fastafjármuna | 6 | (45.722.216) | (37.618.237) |
| Rekstrarhagnaður | | 255.022.271 | 240.528.758 |
| Fjármunatekjur | 5 | 36.722.307 | 30.567.574 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (1.846.133) | (1.724.997) |
| Gengismunur | 5 | (1.725.185) | (1.084.284) |
| | | 33.123.989 | 27.758.293 |
| Hagnaður ársins | | 288.146.260 | 268.287.051 |

Rekstur Listaháskóla Íslands gekk vel á árinu 2025 og var rekstrarniðurstaða ársins nokkuð yfir áætlun. Tekjur voru hærri en gert var ráð fyrir, sem rekja má til fjölgunar nemenda. Tveir stærstu kostnaðarliðir skólans, launagjöld og húsnæðiskostnaður, voru undir áætlun. Tímabundin hækkun rekstrarafgangs verður nýtt til styrkingar á innviðum og aðbúnaði skólans.

Haustið 2024 voru skólagjöld Listaháskólans felld niður. Þessi breyting hafði jákvæð áhrif á eftirspurn eftir námi í Listaháskólanum. Inntökuhlutfall lækkaði í kjölfarið en það var nú þegar það langlægsta af íslenskum háskólum. Ef skólinn byggir við viðunandi húsnæði væri hægt að nýta aukna eftirspurn til að fjölga nemendum á völdum námsleiðum.

Innleiðing nýrra kerfa, s.s. Uglu og samræmds kennslulíkans, á síðustu árum hefur skilað töluverðri hagræðingu og framleiðniaukningu. Stefnt er á að halda þessari vegferð áfram á næstu misserum.

Innri og ytri aðstæður Listaháskólans, að húsnæðisstöðu undanskilinni, eru jákvæðar og útlit fyrir að skólinn geti vaxið og styrkst enn frekar á komandi árum. Sjóðstaða skólans er áfram sterk.

HÚSNÆÐI OG AÐSTAÐA

Mikið var um flutninga og framkvæmdir á árinu 2025. Í lok vorannar rann leigusamningur vegna Austurstrætis 22a út og missti skólinn þá tvo góða sviðslistasali. Stefnt er að því að taka í notkun tvo nýja sali í þeirra stað í Laugarnesi haustið 2026, en þá yrði aðstaða Sviðslistadeildar tryggð þangað til framtíðarhúsnæði verður tekið í notkun.

Í lok sumars tók Listaháskólinn á leigu tæplega 2.000 fermetra af fyrrum húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í Stakkahlíð, sem fluttist í glæsilega og endurbyggða Hótel Sögu. Eftir þær breytingar leigir Listaháskólinn tæplega 5.400 fermetra í Stakkahlíð.

Á miðju hausti skilaði Kvikmyndalistadeild húsnæði í Borgartúni 1 og fluttist yfir á nýinnréttaða 2. hæð í Þórunnartúni 2, en þar var skólinn fyrir á 3. hæð. Einnig var tekin á leigu geymsla í Höfðatorgi.

Á árinu voru sett upp ný spónsugu- og rakakerfi í trésmíðaverkstæði í Laugarnesi. Mikil áhersla var lögð á að bæta aðgengi fatlaðra þar, bæði innan- og utanhúss. Einnig var aðstaða til matsölu í Laugarnesi og Stakkahlíð endurnýjuð. Samið var við fyrirtækið Bragðlauka ehf. um rekstur matsölu í skólanum.

Nemendur og starfsfólk Listaháskólans sýndu mikla þrautseigju og skilning á meðan á flutningum og framkvæmdum stóð, og ber að þakka það.

Í lok ársins 2025 starfaði Listaháskólinn í fimm byggingum víðs vegar um Reykjavík og var heildarstærð húsnæðis 15.013 fermetrar.

Stærsti óvissupáttur í rekstri Listaháskólans lýtur áfram að húsnæðismálum skólans, bæði til skemmri tíma og til framtíðar. Frá árinu 1998 hafa á annan tug framtíðarstaðsetninga verið skoðaðar án þess að aðgerðir hafi fylgt. Árið 2022 undirrituðu ríki og Reykjavíkurborg viljayfirlýsingu um að Listaháskólinn myndi flytjast í Tollhúsið. Árið 2024 mat starfshópur skipaður af ráðherra háskólamála það svo að LHÍ væri betur komið í núverandi húsnæði Tækniskólans á Skólavörðuholti. Árið 2025 lét svo ríki gera greiningu á fýsileika þess að skólinn verði í Stakkahlíð 1 til framtíðar. Þessi óvissa hefur haft neikvæð áhrif á rekstur skólans og á meðan mega nemendur og starfsfólk hans búa áfram við óhentugt og dreift húsnæði sem uppfyllir ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til háskóla. Óvissa ríkir um nokkra húsaleigusamninga og ekki er ljóst hvar skólinn verður staðsettur þangað til framtíðarhúsnæði er tilbúið.

| Húsnæði Listaháskóla Íslands | Fermetrar |
|-------------------------------------|---------------|
| Stakkahlíð 1 (Hamar, Enni, matsala) | 5.396 |
| Laugarnesvegur 91 | 6.881 |
| Skipholt 31 | 1.874 |
| Pórunnartún 2 | 736 |
| Völvufell | 126 |
| Alls | 15.013 |

UPPLÝSINGATÆKNI

Upplýsingatæknideild (UT-deild) hefur það meginmarkmið að setja upp og viðhalda skilvirku og öruggu net- og tölvuumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk LHÍ. Helstu verkefni ársins 2025 voru eftirfarandi:

- Rekstur verkbeiðnakerfis gekk vel og var yfir 90% beiðna svarað innan sólarhrings. Alls var 1.313 beiðnum lokað, sem er svipaður fjöldi og undanfarin ár.
- Uppsetning netbúnaðar og tæknilausna í tengslum við flutning í Enni, Skála og Fjöru (Stakkahlíð)
- Niðurtaka búnaðar í Borgartúni og Austurstræti í tengslum við skil leiguhúsnæðis
- Aðkoma að gerð nýrrar gervigreindarstefnu Listaháskólans
- Undirbúningur fyrir uppsetningu nýs tölvuvers í Stakkahlíð
- Endurbætur á öryggiskerfi og myndavélakerfi í öllum byggingum
- Uppfærsla búnaðar í fyrirlestrasalnum Skriðu og farið yfir búnað í öðrum sölum
- Uppsetning snjallskjáa fyrir kennslu í Stakkahlíð
- Endurnýjun skjávarpa í öllum byggingum
- Uppsetning á litlu tölvuveri í Þórunnartúni
- Endurbætur á aðgangskerfi í Stakkahlíð
- Undirbúningur fyrir „VR Ensemble“ kerfi í Skipholt
- Endurbætur á þráðlausu neti í Laugarnesi og Stakkahlíð
- Innkaup á ýmsum tölvubúnaði fyrir tæplega 17 mkr., þ.m.t. tölvum og tölvubúnaði fyrir starfsfólk
- Fjölgað var um eitt stöðugildi og eru stöðugildi UT-deildar núna fjögur



SVIÐ HÁSKÓLAÞJÓNUSTU

GÆÐAMÁL

Föst verkefni í gæðastarfi felast í umbótamiðuðum verkefnum sem unnin eru í gegnum fyrirlögn kannana, reglubundnu gæðamati námsleiða, söfnun og úrvinnslu lykiltalna og sjálfsmati í stofnunarúttekt. Gæðakerfið er í stöðugri þróun og eru reglur, verkferlar og sniðmát endurskoðuð reglulega til að styðja sem best við starfsemina.

Gæðastjóri situr í námsþróunarnefnd ásamt aðstoðarrektor náms og kennslu, kennsluþróunarstjóra og forstöðumanni námsþjónustu. Nefndin fjallar um nýtt námsframboð og breytingar á prófgráðum, hæfniviðmiðum, kennsluskra o.fl., sem geta haft áhrif á gæðamat námsleiða, og veitir stuðning inni í deildunum í því ferli. Nefndin gerir athugasemdir og leggur til breytingar eftir því sem þörf krefur.

Gæðastarf í deildum

Á liðnu ári hófu námsleiðir innan Listkennslu- og Sviðslistadeildar gæðamat námsleiða og stefna er að því að kenna uppfærðar kennsluskrár haustið 2027. Þess utan var MA-nám í sviðslistum endurskoðað og verður námsleiðin kennd með nýjum áherslum og kennsluskra haustið 2026. Tónlistardeild hélt áfram að vinna að endurskipulagningu BA-stigs og í því samhengi hóf kennslu á einni nýrri námsleið, Tónlist nýsköpun tækni (TNT). Fagstjórar héldu áfram að þróa tvær aðrar BA-námsleiðir sem verða fyrst kenndar haustið 2026.

Kvikmyndalistadeild útskrifaði sinn fyrsta árgang. Af því tilefni setti deildarforseti saman ígrundun um stofnun deildarinnar, áskoranir og sigra sem starfsfólk og nemendur hennar hafa staðið frammi fyrir á tímabilinu, ásamt því að gera grein fyrir næstu skrefum deildarinnar.

Nemendakannanir og lykiltölur

Í samstarfi við námsráðgjafa voru eftirfarandi innanhúskannanir framkvæmdar:

- Púlsakönnun nemenda (snemma á vorönn)
- Námslokakönnun meðal útskriftarnema (mið vorönn)
- Könnun um afdrif útskrifaðra nemenda LHÍ (haustönn)

Sambærilegar kannanir hafa verið framkvæmdar síðustu ár eða frá u.þ.b. 2023. Niðurstöður hafa gefið verðmæta sýn inn í viðhorf nemenda til sinna deilda og skólans í heild á hverjum tíma. Auk þess eru þær ákveðið mælitæki þegar kemur að því að meta afleiðingar aðgerða er varða nemendur, t.d. þegar breytingar verða í aðstöðu eða stoðþjónustu.

Þróun á söfnun lykiltalna hélt áfram og er nú mikið til hægt að styðjast við Vöruhús gagna á Uglu þegar helstu tölur eru sóttar.

MANNAUÐUR

Föst mannauðsverkefni ársins voru flest í kringum ráðningar, ráðgjöf og stuðning við starfsfólk og stjórnendur, auk vinnaverndarstarfs í tengslum við samskipti í deildum. Einnig var innleiðing á nýjum kerfum fyrirferðamikil en 50skills var tekið í notkun fyrir ráðningar, Dokobit/Signicat fyrir rafrænar undirskriftir og Tímon fyrir fjarveruskráningar og umsjón með fjarvistum og orlofi. Samstarfi við Auðnast var framhaldið og áhersla lögð á almenna heilsuvernd og sálfélagslegt öryggi. Auðnast sá um inflúensubólusetningu fyrir allt starfsfólk og stjórnendabjálfun fyrir stjórnendur skólans.

Á árinu var alls ráðið í 18 störf, n.t.t. 11 í stoðþjónustu og sjö í akademíu. Flest störfin voru auglýst á Alfreð en umsóknir voru móttæknar með óformlegri hætti í einhverjum tilvikum. Alls bárust um það bil 280 umsóknir um auglýst störf. Akademískur verkefnastjóri var ráðinn fyrir Tónlistar- og Kvikmyndalistadeild svo nú hafa allar deildir akademískan verkefnastjóra. Bætt var við starfsmanni í 50% starf á alþjóðaskrifstofu.

Listaháskólinn hlaut viðhaldsvottun á jafnlaunakerfi sitt á árinu og var niðurstaða úttektarstjóra iCert að jafnlaunakerfi LHÍ uppfyllti kröfur staðalsins ÍST 85:2012.

Háskólinn tók þátt í könnun VR um Fyrirtæki ársins.

Vel heppnuð árshátíð var haldin á Hótel Selfossi í febrúar og í maí var vorgrill skólans haldið í Stakkahlíð í fyrsta skiptið.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Fyrri hluta árs 2025 var starfsemi náms- og starfsráðgjafar með hefðbundnu sniði. Meginhlutverk námsráðgjafar er að styðja og efla nemendur í námi þannig að þeir geti notið námstímans sem best. Boðið er upp á einstaklingsviðtöl, hópráðgjöf, styrk vegna sálfræðikostnaðar, fjölbreytta fræðslu og þjónustu fyrir nemendur sem þurfa á sérúrræðum að halda. Námsráðgjöfin er opin öllum nemendum og þeir nýta þjónustuna vel.

Umsóknarferli fyrir mat á fyrra námi var sett í skýrara og formlegra ferli með reglubundnum umsóknarfræstum. Sama gildir um umsóknir nemenda um sérúrræði í námi, sem nú fylgja skýrari verklagsreglum.

Á seinni hluta árs sinntu tveir námsráðgjafar tímabundið þjónustu við nemendur, hvor í 50% starfshlutfalli. Annar námsráðgjafinn starfaði í fjarvinnu og hinn á staðnum.

Aukið var við sálfræðiþjónustu með því að bjóða nemendum í bráðum vanda viðtöl hjá samningsbundnum sálfræðingi. Opnuð voru tvö ný hvíldarrými fyrir skynsegin nemendur til að styðja við vellíðan, aðgengi og inngildingu í skólasamfélaginu. Námsráðgjöf studdi jafnframt við stofnun og uppbyggingu starfsemi Skynseginfélags Listaháskólans. Að auki var keyptur rafknúinn hjólastóll fyrir húsnæði skólans í Laugarnesi til að mæta þörfum nemenda. Áhersla var lögð á að styðja nemendur í lokaritgerðarskrifum, sem og við mótun faglegrar framtíðarsýnar og markmiðasetningu. Jafnframt var lögð áhersla á eftirfylgd við nemendur, m.a. til að draga úr brotthvarfshættu.

NÁMSÞJÓNUSTA

Alls voru 721 nemandi við nám í Listaháskólanum í október 2025, þar af voru 450 konur, 265 karlar og 6 kvár.

Nemendur í meistaranámi voru 222 og nemendur í bakkalárnámi voru 499.

Árið 2025 bárust 1043 umsóknir. Um haustið hófu 269 nýnemar nám og inntökuhlutfallið var 25,79% í heild fyrir skólann. Árið 2025 brautskráðust alls 200 nemendur.

Námsþjónusta Listaháskólans hefur það meginhlutverk að sjá um umsýslu skráningar námsframboðs og verkefna sem tengjast almennri skráningu á námi nemenda. Teymi námsþjónustu samanstendur af deildarfulltrúum og forstöðumanni námsþjónustu. Teymið sér um dagleg verkefni eins og viðhald og skráningar í námskerfi, kennsluskrá og stundatöflukerfi. Deildarfulltrúar sinna því næst upplýsingagjöf til nemenda um námsframboð og móttöku nýnema og skiptinema. Teymið heldur einnig utan um miðlæg

verkefni eins og umsóknar- og inntökufjerli, nemendatölfræði og gerð útskriftargagna. Forstöðumaður námsþjónustu kemur einnig að verkefnum sem tengjast stjórnslu skólans og gæðamálum, eins og endurskoðun og útgáfu skóladagatals, samantekt lykiltalna og þróunarvinnu á náms- og stundatöflukerfi skólans. Teymið sér einnig um samræmingu verkefna sem varða skráningu náms þvert á deildir.

Um haustið urðu forstöðumannaskipti þegar Guðrún Lárusdóttir tók við af Dagmar Atladóttur.

ALPJÓÐASKRIFSTOFA

Alþjóðaskrifstofa Listaháskóla Íslands styður og heldur utan um alþjóðlegt starf skólans í samræmi við stefnu LHÍ 2024–2028, með áherslu á eflingu alþjóðlegs samstarfs og fjölbreytts og inngildandi náms- og starfsumhverfis. Starf skrifstofunnar miðar að því að samþætta alþjóðlega vídd inn í kennslu og rannsóknir skólans og styrkja tengsl LHÍ við alþjóðlegt faglegt og menningarlegt samhengi.

Þátttaka nemenda og starfsfólks LHÍ í alþjóðlegu samstarfi jókst frá fyrra ári. Alþjóðlegt samstarf nemenda var umfangsmikið árið 2025, en alls tóku 205 nemendur þátt í alþjóðlegu samstarfi innan Erasmus+ áætlunarinnar, sem jafngildir tæplega 30% af heildarnemendafjölda skólans. Af þessum ferðum voru 78 skiptináms og 127 starfsnáms. Alls dvöldu 71 nemandi lengur en tvo mánuði í skiptinámsi eða starfsnámsi en 134 nemendur tóku þátt í stuttu alþjóðlegu samstarfi. Helstu áfangastaðir voru samstarfsskólar og stofnanir víðs vegar um Evrópu, einkum á Norðurlöndum og í Mið- og SuðurEvrópu. Blönduð hraðnámskeið (BIP) voru í greinilegum vexti og tóku 44 nemendur þátt í slíkum námskeiðum á árinu.

Starfsfólk LHÍ tók einnig virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi. Alls nýttu 98 starfsmenn sér stuðning Erasmus+ til kennslu- og starfsþjálfunarferða. Þar af fóru 59 í starfsþjálfun og 27 kennarar í kennsluferðir til samstarfsskóla. Helstu áfangastaðir starfsfólks voru Noregur, Spánn, Ítalía, Finnland og Danmörk. Þá komu 12 erlendir gestakennarar til LHÍ í gegnum Erasmus+.

Nordplussamstarf LHÍ var áfram mjög virkt árið 2025. Skólinn tók þátt í níu Nordplusnetum á sviði listanna og var í samstarfi við 67 háskóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltlöndunum. Alls tóku 60 einstaklingar þátt í Nordplusverkefnum á árinu, þar af 39 nemendur og 21 kennari. Ársfundur NORTEASnetsins fór fram hjá Sviðslistadeild LHÍ í október og styrkti faglegt samtal og norrænt samstarf á sviði sviðslista.

Auk ferðastyrkja var unnið að alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Þar á meðal hélt áfram samstarfsverkefni við Ballet Merveilles de Guinée í Gíneu, þar sem umsjón verkefnisins færðist frá Sviðslistadeild yfir til Listkennsludeildar í samstarfi við alþjóðaskrifstofu. Í byrjun ársins fóru þrjú kennarar úr Listkennsludeild, Sviðslistadeild og Tónlistardeild í tveggja vikna starfsnáms í Gíneu ásamt fimm nemendum. Þá var einnig

unnið að Erasmus+ KA220-verkefninu Climate Truth Crisis | Envirology. LHÍ hlaut jafnframt Erasmus+ styrk til samstarfs við háskóla í Bandaríkjunum og Kanada og er undirbúningur þess verkefnis í vinnslu.

Á árinu 2025 fóru jafnframt fram tvö Erasmus+ BIP námskeið við LHÍ. Í Tónlistardeild var haldið námskeið í barokkóperu með þátttöku nemenda frá Svíþjóð, Noregi, Hollandi og Finnlandi, og lauk námskeiðinu með glæsilegum tónleikum í Neskirkju. Í Hönnunardeild fór fram námskeiðið Biomimicry and the Coasts, þar sem nemendur frá Frakklandi og Hollandi tóku þátt ásamt nemendum LHÍ. Námskeiðið beindist að tengslum hönnunar, vísinda og sjálfbærni á strandsvæðum Vesturíslands. Nánar er fjallað um samstarfsverkefni í umfjöllun deilda.

Á árinu 2025 störfuðu tveir starfsmenn í fullu starfi á alþjóðaskrifstofu og einn starfsmaður í 50% starfshlutfalli.

BÓKASAFN

Bókasafn LHÍ er háskólabókasafn og stærsta sérfræðisafn landsins á sviði listgreina. Hlutverk safnsins er að veita nemendum og starfsfólki aðgang að fjölbreyttu efni um listir og menningu til náms og rannsókna í listum.

Árið 2025 hófst vinna við endurskipulagningu safnkostsins. Unnið var áfram að því að ganga frá safnkostinum í Stakkahlíð í kjölfar flutninganna sumarið 2024 og síðari hluta ársins hófst vinna við nákvæma talningu safnkostsins til að meta raunverulega eign áþreifanlegra rita og annarra gagna safnsins.

Bókasafnið er í opnu rými í Stakkahlíð og allir sem eru nemendur eða starfsmenn í Listaháskólanum eiga að hafa aðgang að húsinu og þar með bókasafninu og aðstöðunni utan þjónustutíma safnsins. Á safninu er vinnusvæði fyrir notendur sem má einnig nýta fyrir kynningar fyrir fámenna hópa og hafa kennarar m.a. nýtt rýmið fyrir yfirferðir þar sem nemendur kynna verk sín.

Áhersla er lögð á fræðslu í upplýsingalæsi, leit að upplýsingum og heimildavinnu. Fræðsla fyrir nemendur fór fram á safninu í samstarfi við kennara. Sérstök áhersla var lögð á að kynna bókasafnið, aðstöðuna og þjónustuna fyrir nemendum þeirra deilda sem staðsettar eru annars staðar en í Stakkahlíð.

Bókasafnið er aðili að samtökum listbókasafna á Norðurlöndum Arlis/Norden og starfsmaður safnsins tók virkan þátt í undirbúningi ársfundar og ráðstefnu sem haldin var hér á landi í júní. Yfirskrift ráðstefnunnar var *The Arts and the cultural heritage*. Starfsmenn bókasafnsins tóku líka þátt í vinnu samstarfshóps á vegum stjórnenda háskólabókasafna um upplýsingalæsi sem stóð fyrir málþingi um gervigreindarlæsi og notendafræðslu á háskólabókasöfnum í september. Bókasafnið tók einnig þátt í árlegri alþjóðlegri

viku opins aðgangs í október ásamt öðrum íslenskum háskólabókasöfnum. Að þessu sinni var þemað „Hver á þekkinguna okkar?“ Framlag bókasafns LHÍ var hlaðvarpið „Að deila sköpun: Opinn aðgangur og listrannsóknir“ þar sem rætt var við aðstoðarrektor rannsókna, verkefnastjóra rannsókna og dósent við Listkennsludeild LHÍ.

VERKSTÆÐI

Listaháskóli Íslands rekur tólf verkstæði í tveimur byggingum; trésmíðaverkstæði, málmsmíðaverkstæði, mótunarverkstæði, grafíkverkstæði, innrömmunarverkstæði, videover, ljósmyndaver, textílværkstæði, stafræna vinnslu, gagnvirkni, útgáfu og saumastofu. Auk þess eru starfrækt vinnurými tengd námsbrautum, s.s. málarasalur, upptökustúdíó o.fl.

Verkstæðin eru rekin sem sjálfstæð eining innan sviðs háskólaþjónustu og þjóna nemendum þvert á deildir. Störf á verkstæðum fela annars vegar í sér umsjón með daglegum rekstri og hins vegar kennslu sérfræðinga. Í sumum tilfellum sinnir sami starfsmaður þessum hlutverkum en í öðrum tilfellum er verkaskipting meiri. Nemendur sækja bæði námskeið á verkstæðum og vinna þar sjálfstætt að verkefnum innan annarra námskeiða. Þau eru ekki síður hugsuð sem staður fyrir umræður, nýjar hugmyndir og skoðanaskipti milli kennara og nemenda þvert á námsstig og deildir. Verkstæðin tengjast fagvettvangi lista og hönnunar með aðkomu kennara, gestalistamanna og rannsakenda bæði af fagvettvanginum og úr akademíunni.

Helstu verkefni ársins voru að endurnýja ýmsan tækjakost og bæta aðgengi á verkstæðum. Tvö vinnurými voru færð úr deildum og undir verkstæðin, en það eru saumastofa og útgáfa. Þar að auki voru tveir starfsmenn ráðnir við þau verkstæði. Unnið var að endurbótum á starfsumhverfi trésmíðaverkstæðis með nýju spónsugu- og rakakerfi. Einnig var keyptur gámur fyrir efnisgeymslu til þess að skapa aukið vinnurými á trésmíðaverkstæði. Þá var fjárfest í nýjum risograph prentara ásamt tíu tromlum fyrir grafíkverkstæðið og eldri prentvél flutt í útgáfu.

VELFERÐARTEYMI

Velferðarteymi Listaháskóla Íslands var sett á laggirnar árið 2023 með það markmið að stuðla að velferð og vellíðan starfsfólks LHÍ með forvörnum, fræðslu og fjölbreyttri samveru. Árið 2025 hélt teymið áfram að þróa markvissa velferðardagskrá sem tók mið af ólíkum þörfum starfsfólks og lagði áherslu á jafnvægi, heilsu, sköpun og tengsl í daglegu starfi.

Á vorönn var boðið upp á reglulegar velferðarstundir, þar á meðal Yoga Nidra og tónheilun, sem studdu við slökun og núvitund. Jafnframt voru haldin námskeið fyrir starfsfólk með áherslu á samveru og tengslamyndun í skapandi umhverfi, þar á meðal leirnámskeið undir leiðsögn Martinu Priehodová sem naut mikilla vinsælda.

Á haustönn var haldið áfram með fjölbreytta dagskrá. Skipulögð var gleði- og upplifunarganga í nágrenni Stakkahlíðar sem heppnaðist einstaklega vel. Haldnar voru fleiri leirvinnustofur þar sem starfsfólk naut þess að skapa saman í afslöppuðu og hvetjandi umhverfi. Seinni hluta ársins var boðið upp á tálgunarvinnustofu hjá Snorra Sigurðarsyni Hertervig í Lækjarbotnum og í aðdraganda jóla stóð velferðarteymið fyrir aðventugufugusu sem vakti mikla ánægju að vanda, auk samsöngs í jólasamveru starfsfólks.

Í gegnum árið var einnig unnið að viðvarandi velferðarverkefnum, svo sem uppsetningu núvitundarboxa í kaffistofum skólans og hvatningu til þátttöku í óformlegum hreyfi- og útivistarhópum starfsfólks. Starf teymisins einkenndist af góðri þátttöku og jákvæðum viðtökum.

Skipan velferðarteymis 2025

Í velferðarteymi LHÍ árið 2025 sátu: Adam Flint, Björg Stefánsdóttir, Ellen Kristinsdóttir, Guðrún Lárusdóttir, Hrefna Lind Lárusdóttir, Ingibjörg Huld Haraldsdóttir, Margrét Elísabet Ólafsdóttir, Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir, Vigdís Gunnarsdóttir og Þóra Einarsdóttir.



SVIÐ SAMFÉLAGS OG SJÁLFBÆRNI

INNLEIÐING STEFNU

Við stækkum veruleikann! Er yfirskrift stefnu Listaháskólans 2024–2028. Stefnan inniheldur þrjú leiðarljós, sem öll hafa þrjú meginmarkmið. Í upphafi stefnutímabilsins var farið af stað með 76 skilgreindar aðgerðir til að ljúka á tímabilinu og miðar innleiðingin vel áfram. Aðgerðum hefur þó eitthvað fjölgað samhliða þeim verkefnum sem tekin eru fyrir, enda er stefnan lifandi plagg sem þróast í takt við lífið í skólanum hverju sinni.

Forgangsverkefni stefnunnar skólaárið 2024–2025 voru: Inngilding í forgang, framtíðarsýn námsleiða og stofnun miðstöðvar náms og kennslu og miðstöðvar rannsókna. Forgangsverkefni skólaársins 2025–2026 eru að ljúka umsókn um stofnun doktorsnáms í listum, efling kennslufræðilegrar þekkingar kennara og að formgera ferli um þróun nýrra námsleiða.

Við lok 2025 var tæplega helmingi aðgerða lokið og er það í takt við tímaramma stefnunnar en á árinu 2026 verður tímabilið hálfnað. Stefnan hefur sinnt hlutverki sínu vel sem leiðarljós í forgangsröðun verkefna og heldur vel utan um markmið tímabilsins. Sumar aðgerðir stefnunnar fela í sér stór verkefni sem ná yfir fleiri en eitt skólaár í úrvinnslu og má þar nefna sérstaklega stór þróunarverkefni á sviði náms og kennslu, og rannsókna. Aðrar aðgerðir eru smærri skref í átt að betra skóla- og starfsumhverfi og snúa til að mynda að heilsuefningu og umhverfisvænum samgönguháttum og að ryðja aðgangshindrunum úr vegi.

SAMFÉLAG

Inngildingarfulltrúi lauk árið 2025 við greiningu á öllum deildum skólans, bæði akademískum og stoðþjónustu. Niðurstöður greiningarinnar voru nýttar til að byggja upp aðgerðaáætlun í takt við stefnu skólans í inngildingarmálum.

Mikilvægt skref á þessari vegferð var birting nýrrar jafnréttisáætlunar eftir mikla og góða vinnu jafnréttisnefndar.

Svið samfélags og sjálfbærni stóð fyrir nafnasamkeppni fyrir matsölu skólans í lok árs 2025. Ráðgefandi þriggja manna dómnefnd ásamt Stúdentaráði lagði til tillögur fyrir framkvæmdaráð skólans sem að lokum valdi nafnið Torga. Þór Ástþórsson er höfundur nafnsins og hlaut að verðlaunum frían hádegismat í mánuð í Torgu.

OPNI LISTAHÁSKÓLINN

„Opni Listaháskólinn er gátt Listaháskólans út í samfélagið þar sem þekking og reynsla fær að streyma óhindrað í báðar áttir. Markmið hans er meðal annars að glæða áhuga almennings á listum og veita sem breiðustum hópi fólks aðgang að þeirri sérþekkingu og aðstöðu sem Listaháskóli Íslands býr yfir.“

Árið einkenndist af áframhaldandi uppbyggingu og vexti Opna Listaháskólans undir nýjum formerkjum. Aukinn þungi hefur verið lagður á að þróa námskeið og fræðslu sem sérstaklega eru hönnuð fyrir Opna Listaháskólann og miða að því að ná til bæði almennings og fagsamfélags. Með þessari áherslubreytingu hefur námsframboðið orðið markvissara og betur aðlagð þörfum ólíkra markhópa en áður, þegar megináhersla var lögð á að opna einstök námskeið úr kennsluskrá deilda skólans.

Á árinu var boðið upp á fjölbreytt úrval námskeiða sem nutu góðrar aðsóknar. Markvisst og öflugt markaðsstarf hefur aukið sýnileika og þátttöku og stuðlað að því að Opni Listaháskólinn nái til sífellt breiðari hóps þátttakenda.

Jafnframt hefur verið unnið markvisst að þróun nýrra námsforma, þar á meðal örnáms og lengri námslína, sem gera fólki kleift að sækja sér sérhæfða þekkingu í sveigjanlegu formi. Sú þróun er mikilvægur þáttur í að efla símenntunarhlutverk Listaháskóla Íslands og styrkja tengsl hans við samfélag og atvinnulíf.

SKRIFSTOFA KYNNINGA OG VIÐBURÐA

Á árinu 2025 voru haldnir rúmlega 300 viðburðir á vegum Listaháskóla Íslands sem teymið annaðist skipulag og/eða kynningu á. Stærstu viðburðir skólans á árinu voru Háskóladagurinn, Útskriftarhátíðin, útskrift í Hörpu, Nýnemadagar, Hugarflug og málþing um jafnt aðgengi að listnámi.

Háskóladagurinn var haldinn í Stakkahlíð í fyrsta sinn og heppnaðist afar vel. Á þessum degi gafst áhugasömum tækifæri til að kynna sér námsleiðir skólans og spyrja bæði nemendur og kennara út í námið. Um 600 manns lögðu leið sína í Listaháskólann þennan dag.

Háskóladagurinn er sameiginlegt verkefni allra háskóla landsins og var formleg opnun hans haldin í HR að þessu sinni. Vikuna á eftir var farið á Höfn, Egilsstaði og Akureyri til að kynna allt háskólanám landsins.

Útskriftarhátíðin, flaggskip skólans, var einstaklega vel heppnuð. Hátíðin hófst 24. janúar með sýningum meistaranema í sviðslistum og lauk 1. júní, sem var síðasti dagur sýningar meistaranema í arkitektúr. *Filma*, kvikmyndarlistarhátíð útskriftarinnar, var haldin í annað sinn og að þessu sinni var í fyrsta sinn sýnt efni frá útskriftarhópi Kvikmyndalistar. Hátíðin veitir nemendum tækifæri til að sýna hæfileika sína við bestu aðstæður og nýtur mikilla vinsælda; þúsundir gesta sækja viðburðina ár hvert. Útskriftarhátíðin er meðal stærstu menningarviðburða ársins.

Í frétt um hátíðina segir meðal annars:

„Útskriftarhátíð Listaháskóla Íslands var án efa einn stærsti listviðburður ársins og einn af hápunktum menningarlífsins á höfuðborgarsvæðinu. Á þessu ári voru yfir 70 viðburðir á dagskrá og áætlað var að yfir 30.000 gestir myndu sækja hátíðina.“

Formleg útskrift var haldin í Hörpu og í fyrsta sinn voru útskrifaðir nemendur af sjö brautum, þar á meðal fyrstu nemendur í kvikmyndagerð. Dagskráin, sem rektor setur saman ár hvert, var stórglæsileg með lúðrasveit og hátíðarræðu Sigurjóns Sighvatssonar.

Nýnemadagar voru haldnir í annað sinn í Stakkahlíð, þar sem skólinn tók á móti nýnemum með tveggja daga sameiginlegri dagskrá til að kynna starfsemina og samfélagið í skólanum.

Hugarflug var haldið í þrettánda sinn og sló eigið met. Þátttakendur voru 50 talsins hvaðanæva að úr heiminum og gestir nálægt 200.

Málþing um jafnt aðgengi að listnámi var haldið í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, ÖBÍ réttindasamtök, Proskahjálp og Borgarleikhúsið. Þar komu saman yfir 60 einstaklingar til að hlusta á erindi og taka þátt í umræðum um mikilvægi aðgengis í listnámi.



STJÓRNIR, RÁÐ OG NEFNDIR

SKIPAN VIÐ ÁRSLOK 2025

STJÓRN LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

Stjórn Listaháskóla Íslands fer með æðsta ákvörðunarvald innan skólans og yfirumsjón málefna er varða skólann í heild. Stjórn Listaháskólans er skipuð fimm einstaklingum til þriggja ára í senn og hefur enginn þeirra framfæri sitt af starfi við skólann eða stundar nám við hann. Háskólaráðherra tilnefnir tvo einstaklinga í stjórnina en þrír eru kjörnir á aðalfundi Baklands Listaháskóla Íslands. Stjórn hittist mánaðarlega yfir skólaárið.

Stjórn Listaháskóla Íslands 2025

- Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir, fulltrúi menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis
- Hildur Gunnlaugsdóttir, varaformaður stjórnar, fulltrúi Baklands LHÍ
- Gísli Örn Garðarsson, fulltrúi menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis
- Sveinbjörn Baldvinsson, fulltrúi Baklands LHÍ
- Vigdís Jakobsdóttir, fulltrúi Baklands LHÍ

Varamenn:

- Jóhann G. Jóhannsson, varafulltrúi Baklands LHÍ
- Mist Þorkeldsdóttir, varafulltrúi Baklands LHÍ

Bakland Listaháskóla Íslands

Bakland LHÍ tók yfir starfsemi Félags um Listaháskóla árið 2016.

Markmið Baklandsins er að efla og styrkja Listaháskóla Íslands (LHÍ), tryggja tengsl skólans við listamenn, menningarstofnanir og atvinnulíf og stuðla að faglegri umfjöllun um listir og samfélag. Bakland kys þrjá af fimm stjórnarmönnum Listaháskóla Íslands og hefur jafnframt það hlutverk að móta sér stefnu og markmið til stuðnings við starfsemi LHÍ á hverjum tíma.

Myndlist

- A: Hlynur Helgason, myndlist, formaður stjórnar Baklands LHÍ
- V: Daði Harðarson, leirlist

Hönnun og arkitektúr

- A: Halldóra Vífilsdóttir, arkitektúr
- V: Kristín Eva Ólafsdóttir, grafískur hönnuður

Kvikmyndalist

- A: Steingrímur Dúi Músson, kvikmyndagerð
- V: Anton Máni Svansson

Sviðslistir

- A: Sveinbjörg Þórhallsdóttir, dans
- V: Rúnar Guðbrandsson, leikstjórn

Öll fagsvið

- A: Jóna Hlíf Halldórsdóttir, forseti BÍL
- V: Enginn

Fyrirtæki og stofnanir

- A: Aðalheiður Magnúsdóttir, Ásmundarsal
- V: Sigríður Harðardóttir, Össuri

Hollnemafélag LHÍ

- A: Gunnar Karel Músson, tónskáld
- V: Gunnar Helgi Guðjónsson

Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráð fjallar um sameiginleg málefni, m.a. gæðastjórnun og skipulag skólastarfsins, rekstur, fjármál, húsnæði og aðstöðu. Framkvæmdaráð undirbýr tillögur að stefnu fyrir skólann í helstu málefnum og er bakhjarl rektors í daglegri stjórn. Jafnréttisnefnd og sjálfbærnefnd heyra undir framkvæmdaráð.

- Kristín Eysteinsdóttir, rektor
- Haukur Björnsson, framkvæmdastjóri
- Eva María Árnadóttir, sviðsstjóri samfélags og sjálfbærni
- Sóley Björt Guðmundsdóttir, sviðsstjóri háskólaþjónustu

Fagráð

Fagráð hefur ákvörðunarvald í akademískum málefnum, fjallar um fagleg markmið skólans, frammi-stöðu og gæði, og er leiðandi fyrir stjórnendum í kennslu, rannsóknum og þróun. Kennslunefnd og rannsóknanevnd heyra undir fagráð. Í fagráði sitja rektor, sviðsforsetar og deildarforsetar. Aðrir sitja fundi ráðsins eftir því sem tilefni gefa til. Rektor stýrir fundum fagráðs. Fundur er öllu jafna einu sinni, til tvisvar, í mánuði.

- Kristín Eysteinsdóttir, rektor
- Þóra Einarisdóttir, aðstoðarrektor náms og kennslu
- Hulda Stefánsdóttir, aðstoðarrektor rannsókna
- Þorbjörg Daphne Hall, starfandi aðstoðarrektor rannsókna
- Bjarki Bragason, deildarforseti myndlistar
- Ingimar Ólafsson Waage, deildarforseti listkennslu
- Katrín Ólína Pétursdóttir, deildarforseti hönnunar
- Massimo Santanicchia, deildarforseti arkitektúrs
- Pétur Jónasson, deildarforseti tónlistar
- Steven Meyers, deildarforseti kvikmyndalistar
- Una Þorleifsdóttir, deildarforseti sviðslista
- Fulltrúi Stúdentaráðs

Samráðsvettvangur akademískra málefna

Á samráðsvettvangi akademískra málefna sitja rektor, aðstoðarrektorar, deildarforsetar, fulltrúar úr röðum akademískra starfsmanna hvers deildar, fulltrúar stundakennara hvers deildar og fulltrúar Stúdentaráðs af bakkalár- og meistarástigi.

Fagráð boðar til fundar a.m.k. einu sinni á önn. Vettvangurinn er til samráðs er varðar akademíska starfsemi og þróun skólans.

- Kristín Eysteinsdóttir, rektor
- Þóra Einarisdóttir, aðstoðarrektor náms og kennslu
- Hulda Stefánsdóttir, aðstoðarrektor rannsókna
- Þorbjörg Daphne Hall, starfandi aðstoðarrektor rannsókna
- Bjarki Bragason, deildarforseti myndlistar
- Ingimar Ólafsson Waage, deildarforseti listkennslu
- Katrín Ólína Pétursdóttir, deildarforseti hönnunar
- Massimo Santanicchia, deildarforseti arkitektúrs
- Pétur Jónasson, deildarforseti tónlistar
- Steven Meyers, deildarforseti kvikmyndalistar
- Una Þorleifsdóttir, deildarforseti sviðslista

- Aðalheiður Atladóttir, akademískur starfsmaður, arkitektúr
- Adam Flint Taylor, akademískur starfsmaður, hönnun
- Ólafur Ingvi Ólason, akademískur starfsmaður, kvikmyndalist
- Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, akademískur starfsmaður, listkennsla
- Sigrún Inga Hrólfsdóttir, akademískur starfsmaður, myndlist
- Katrín Gunnarsdóttir, akademískur starfsmaður, sviðslistir
- Greta Salóme Stefánsdóttir, akademískur starfsmaður, tónlist
- Anna Karlsdóttir, stundakennari, arkitektúr
- Gabríel Markan, stundakennari, hönnun
- Erlingur Óttar Thoroddsen, stundakennari, kvikmyndalist
- Rakel McMahan, stundakennari, listkennsla
- Styrmir Örn Guðmundsson, stundakennari, myndlist
- Aðalbjörg Þóra Árnadóttir, stundakennari, sviðslistir
- Emilía Rós Sigfúsdóttir, stundakennari, tónlist
- Sigur Huldur Ellerup, fulltrúi nemenda á BA-stigi
- Ólóf Sigursveinsdóttir, fulltrúi nemenda á MA-stigi

Stúdentaráð

Stúdentaráð er samráðsvettvangur nemendafélaga við skólann og tengiliður nemendafélaganna við stjórnendur skólans. Stúdentaráð er skipað fulltrúum nemendafélaga frá fimm deildum skólans. Stúdentaráð tilnefnir fulltrúa nemenda í nefndir og ráð skólans.

- Stormur J. Kormákur Baltasarson, forseti, Sviðslistadeild
- Salóme Sól Norðkvist, varaforseti, Sviðslistadeild
- Erla Rut Pétursdóttir, ritari, Myndlistardeild
- Sigurrós Birta Guðmundsdóttir, gjaldkeri, Arkitektúrdeild
- Sigur Huldur Ellerup Geirs, til áramóta 2025 meðstjórnandi, Tónlistardeild
- Kristína Rannveig Jóhannsdóttir frá jan. 2026, meðstjórnandi, Tónlistardeild
- Stefanía Stefánsdóttir, meðstjórnandi, Kvikmyndalistadeild

Hæfisnefnd

Ráðið er í akademískar stöður að undangengnu mati hæfisnefndar, en heimilt er að ráða aðjúnkta án hæfismats. Hæfisnefnd er skipuð tveimur föstum fulltrúum og einum fagtengdum sérfræðingi hverju sinni.

Fastafulltrúar:

- Þórhallur Magnússon, formaður
- Jóna Hlíf Halldórsdóttir

Kennslunefnd

Hlutverk kennslunefndar er að vinna að markmiðum er lúta að kennslustefnu Listaháskóla Íslands. Í því felst að stuðla að þróun kennslu, fjölbreyttra kennsluhátta og rannsókna við LHÍ. Auk þess er nefndinni falið að vinna, í tengslum við aðrar nefndir skólans, að því að tryggja gæði náms. Kennslunefnd á að tryggja jafnræði meðal nemenda í námi og námstillögum. Ályktanir nefndarinnar ber að leggja undir fagráð til samþykktar og/eða frekari úrvinnslu.

- Þóra Einarsdóttir, aðstoðarrekter náms og kennslu, formaður
- Elíza Geirsdóttir Newman, kennsluþróunarstjóri
- Massimo Santanicchia, Arkitektúrdeild
- Katrín Ólína Pétursdóttir, Hönnunardeild
- Brúsi (Ólafur Ingvi) Ólason, Kvikmyndalistadeild
- Elín Anna Ísaksdóttir, Listkennsludeild
- Ólöf Nordal, Myndlistardeild
- Brogan Davison, Sviðslistadeild
- Elín Gunnlaugsdóttir, Tónlistardeild
- María Arnardóttir, fulltrúi nemenda á MA-stigi
- Gabríel Elí Jóhannsson, fulltrúi nemenda á BA-stigi

Rannsóknarnefnd

Hlutverk rannsóknarnefndar er að vinna að markmiðum er lúta að rannsóknastefnu Listaháskóla Íslands. Rannsóknarnefnd starfar í umboði fagráðs, sem felur nefndinni að fjalla um skilgreind mál sem lúta að uppbyggingu rannsóknastarfs innan skólans. Í því felst að stuðla að þróun rannsóknamenningar og fjölbreyttra rannsóknaaðferða lista auk þess að styðja við framkvæmd innra mats rannsóknafraksturs akademískra starfsmanna. Þá er nefndinni falið að vinna, í tengslum við aðrar nefndir skólans, að því að tryggja gæði rannsóknastarfs og tengsl rannsókna og kennslu. Ályktanir nefndarinnar ber að leggja undir fagráð til samþykktar og/eða frekari úrvinnslu.

- Þorbjörg Daphne Hall, starfandi aðstoðarrekter rannsókna, formaður
- Hulda Stefánsdóttir, aðstoðarrekter rannsókna
- Sigmundur Páll Freysteinnsson, verkefnastjóri rannsókna
- Sahar Ghaderi, Arkitektúrdeild
- Massimo Santanicchia, varamaður, Arkitektúrdeild
- Rúna Thors, Hönnunardeild
- Katrín Ólína Pétursdóttir, varamaður, Hönnunardeild
- Guðbjörg Jóhannesdóttir, Listkennsludeild
- Ingimar Ólafsson Waage, varamaður, Listkennsludeild
- Jóhannes Dagsson, Myndlistardeild
- Bjarki Bragason, varamaður, Myndlistardeild

- Guðrún Elsa Bragadóttir, Kvikmyndalistadeild
- Steven Meyers, varamaður, Kvikmyndalistadeild
- Nína Hjálmarsdóttir, Sviðslistadeild
- Una Þorleifsdóttir, varamaður, Sviðslistadeild
- Páll Ragnar Pálsson, Tónlistardeild
- Pétur Jónasson, varamaður Tónlistardeild

Starfshópur um Hugarflug rannsóknarráðstefnu LHÍ

Starfshópurinn hefur það hlutverk að þróa áherslur og umgjörð ráðstefnunnar hverju sinni, móta kall eftir þátttöku og velja inn þátttakendur á ráðstefnuna.

- Sigmundur Páll Freysteinnsson, verkefnastjóri rannsókna, formaður
- Sahar Ghaderi, Arkitektúrdeild
- Hrefna Sigurðardóttir, Hönnunardeild
- Ása Helga Hjörleifsdóttir, Kvikmyndalistadeild
- Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Listkennsludeild
- Margrét Elísabet Ólafsdóttir, Myndlistardeild
- Katrín Gunnarsdóttir, Sviðslistadeild
- Steindór Grétar Kristinsson, Tónlistardeild
- Sólrún Arnarsdóttir, fulltrúi nemenda á MA-stigi

Úrskurðarnefnd um réttindamál nemenda

Úrskurðarnefnd um réttindamál nemenda Listaháskóla Íslands er æðsti úrskurðaraðili innan skólans í agamálum og málum er varða réttindamál nemenda. Úrskurðarnefnd starfar samkvæmt starfsreglum sem stjórn skólans setur.

- Una Þorleifsdóttir, deildarforseti
- Hróðmar I. Sigurbjörnsson, fulltrúi akademískra starfsmanna
- Kristín Valsdóttir, fulltrúi akademískra starfsmanna

Jafnréttisnefnd

Hlutverk jafnréttisnefndarinnar er meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála í Listaháskólanum og móta stefnu og áætlanir skólans í jafnréttismálum. Í nefndinni sitja fulltrúar frá starfsmönnum allra deilda skólans og fulltrúi nemenda sem kemur úr Stúdentaráði.

- Katla Stefánsdóttir, jafnréttisfulltrúi
- Hye Joung Park, formaður, fulltrúi starfsfólks
- Agnar Jón Egilsson, fulltrúi starfsfólks
- Sirra Sigrún Sigurðardóttir, fulltrúi starfsfólks
- Sigur Huldar Ellerup Geirs, fulltrúi nemenda

Sjálfbærnefnd

Sjálfbærnefnd fjallar um sjálfbærni í víðum skilningi. Nefndin mótar sjálfbærnistefnu og gerir tillögur til þróunar á sviði vistvæns rekstrar og úrbóta í umhverfismálum innan skólans. Við mótun sjálfbærnistefnu skólans ber að gera ráð fyrir því að umhverfisvitund, umhverfismál og sjálfbær þróun séu þáttur í námi og vinnu nemenda. Eitt helsta verkefni

sjálfbærninefndar er umsjón með þróun og útfærslu sjálfbærnistefnu skólans með bætt samfélag, framfarir í umhverfisvernd og vistvænan og ábyrgan rekstur fyrir augum.

- Eva María Árnadóttir, sviðsstjóri samfélags og sjálfbærni
- Ingimar Ólafsson Waage, fulltrúi starfsfólks
- Ragna Sigríður Bjarnadóttir, fulltrúi starfsfólks
- Sigmundur Páll Freysteinnsson, fulltrúi starfsfólks
- Elísa Þóreyjardóttir, vor 2025, fulltrúi nemenda

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd skal taka til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Nefndin kys sér sjálf formann og ritara og skulu þeir til skiptis vera úr röðum öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða. Öryggisnefndin heldur fundi eins oft og hún sjálf telur þörf á, en þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

- Oddur Wilhelm Guðmundsson, skipað af atvinnurekanda, verkstæði
- Hákon Kristinnsson, skipað af atvinnurekanda, umsjónarmaður fasteigna
- Simon Toolin Remiszewsk, fulltrúi starfsfólks

Starfsþróunarsjóður akademískra starfsmanna

Markmið starfsþróunarsjóðs akademískra starfsmanna er að auðvelda akademískum starfsmönnum Listaháskólans að sinna sérverkefnum í grein sinni og sækja námskeið eða endurmennta sig á sínu sérsviði. Sérverkefni kennara geta verið verkefni sem tengjast listsköpun, rannsóknum, tengslamyndun eða kynningu á listgrein viðkomandi.

- Anna María Bogadóttir, arkitektúr
- Jón Helgi Hólmgeirsson, hönnun
- Elín Gunnlaugsdóttir, tónlist
- Páll Haukur Björnsson, myndlist
- Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, sviðslistir
- Vigdís Gunnarsdóttir, listkennsla
- Guðrún Elsa Bragadóttir, kvikmyndalist

Starfsþróunarsjóður stoðsviða

Starfsþróunarsjóður stoðsviða hefur það markmið að framfylgja stefnu skólans um mannauð, með því að styðja við faglega starfsþróun og stuðla að símenntun og eflingu í starfi.

- Katrín Johnson, mannauðsstjóri, formaður
- Haukur Björnsson, framkvæmdastjóri
- Rósa Bjarnadóttir, forstöðumaður bókasafns

Rannsóknarsjóður

Hlutverk sjóðsins er að styðja við rannsóknir akademískra starfsmanna og stuðla að uppbyggingu þekkingar á fræðasviði lista. Rétt á styrkveitingu eiga fastráðnir akademískir starfsmenn með rannsóknahlutfall.

Stjórn Rannsóknasjóðs er skipuð til tveggja ára í senn og í henni sitja tveir akademískir starfsmenn skólans, ásamt einum utanaðkomandi aðila.

- Pétur Jónasson, fulltrúi akademískra starfsmanna
- Katrín María Káradóttir, fulltrúi akademískra starfsmanna
- Steinunn Knúts-Önnudóttir, utanaðkomandi aðili

Útgáfusjóður

Hlutverk sjóðsins er að efla útgáfustarfsemi skólans og stuðla að miðlun á verkum akademískra starfsmanna. Sjóðurinn miðar þannig að því að styrkja tengsl kennslu og rannsókna. Rétt á styrkveitingu eiga fastráðnir akademískir starfsmenn með rannsóknahlutfall.

- Katrín María Káradóttir, fulltrúi akademískra starfsmanna
- Ingimar Ólafsson Waage, fulltrúi akademískra starfsmanna
- Ragnar Helgi Ólafsson, utanaðkomandi aðili
- Massimo Santanicchia, varamaður

